KRISTJÁN MAACK

*Fjölskyldan meira og minna öll í íshokkí*

• heimili • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FASTEIGNIR

*Tveggja hæða parhús með bílskúr*

sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. desember 2008 — 343. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



**Hefur bætt alla þjónustu**

Samfelld læknavakt á höfuðborgarsvæðinu er 80 ára um þessar mundir.

TÍMAMÓT 18

**Friðarkúla á Álftanesi**

Bogi Jónsson sameinar ólíka trúarhópa með friðarkúlu á landareign sinni.

FÓLK 30



**Uppgjör við kalda stríðið**

Hlynur Áskelsson gefur út ljóðabók um kalda stríðið.

FÓLK 22



**Chelsea tapaði stigum**

Liverpool er áfram í efsta sætinu í ensku deildinni eftir 1-1 jafntefli West Ham á Brúnni.

ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verður vaxandi suðvestan átt en norðaustan átt á Vestfjörðum, víðast 13-18 m/s seint í dag eða kvöld. Rigning eða slydda á suðurhluta landsins annars snjókoma eða él. Hiti 2-6 stig syðra.

VEÐUR 4

# Hætt við stækkun í Straumsvík og álveri á Bakka frestað

**Rio Tinto Alcan er hætt við að stækka álverið í Straumsvík og Alcoa frestar byggingu álvers á Bakka næstu árin. Landsvirkjun og Þeistareykir ganga til könnunarviðræðna við aðra áhugasama orkukaupendur.**

**IÐNAÐARMÁL** Rio Tinto Alcan er hætt við fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík. Einnig er ljóst að fyrirhuguð bygging álvers á Bakka verður ekki á dagskrá næstu árin. Landsvirkjun og Þeistareykir hf. hafa samþykkt að ganga til könnunarviðræðna við áhugasama orkukaupendur.

Jacynthe Côté, forstjóri Rio Tinto Alcan, tilkynnti Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra þá ákvörðun á miðvikudag að ekkert yrði af fjörutíu þúsund tonna stækkun álversins í Straumsvík. Fyrirtækið ætlaði að stækka álverið á næsta ári innan byggingarreits samkvæmt gildandi deiliskipulagi Hafnarfjarðar. Framleiðslugeta álversins átti þannig að fara úr 185 þúsund tonnum í 225 þúsund tonn.

Mjög hefur verið horft til þessarar framkvæmdar til að slaka á núverandi efnahagskreppu. Töluverðar breytingar fylgja stækkun sem hefði þýtt atvinnu fyrir töluvert marga iðnaðarmenn, verkfræðinga og hönnuði á verktímanum. Ákvörðun álrisans getur einnig sett áætlanir Landsvirkjunar um Búðarhálsvirkjun í uppnám og þar með gagnaver Verne Holding við Keflavíkurflugvöll sem hafði skrifað undir samning um orku frá virkjuninni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur álfyrirtækið Alcoa einnig ákveðið að fresta byggingu álvers við Bakka í nokkur ár. Fyrirtækið mun halda áfram með mat á umhverfisáhrifum vegna álversins og hefur áhuga á svæðinu til uppbyggingar síðar.

Landsvirkjun og Þeistareykir hf. hafa samþykkt að ganga til könnunarviðræðna við fyrirtæki sem hafa áhuga á þeirri orku sem Alcoa hafði tryggt sér með viljayfirlýsingu við Landsvirkjun. Viljayfirlýsingin rann út 1. nóvember þegar ekki náðist samkomulag um þátttöku álfyrirtækisins í kostnaði við rannsóknaboranir. Þetta er með vitund Alcoa á Íslandi. Ákvörðunin um könnunarviðræður við aðra útilokar ekki að Alcoa geti tryggt sér orkuna, sækist fyrirtækið eftir því.

**- shá**



**HANN BRÓÐIR MINN YRÐI HRIFINN AF ÞESSU** Jólasveinar stóðust ekki mátið og skelltu sér í Árbæjarsafnið þar sem krakkar dönsuðu í kringum jólatré en ilmurinn af laufabrauðinu átti einnig sinn þátt í að ginna þá á vettvang. Hurðaskellir varð síðan hugsi þegar hann sá kerti hanga og langaði að skella þeim í poka sinn og færa Kertasníki bróður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SKÓNUM KASTAÐ** Að sýna skósóla þykir hin mesta móðgun í arabalöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írakskur blaðamaður:

# Kastaði skóm að forsetanum

**ÍRAK Írakskur blaðamaður kastaði skóm í George Bush Bandaríkjaforseta á blaðamannafundi í gær. Bush kom í óvænta heimsókn til Íraks í gær, og fundaði með Jalal Talabani forseta Íraks.**

**„Þetta er kveðjukoss frá íröksku þjóðinni, hundur“ sagði maðurinn áður en hann kastaði skóm sínum í átt til forsetans, sem náði að beygja sig niður og forðast þá. Blaðamaðurinn var fjarlægður af öryggisvörðum, en Bush gerði lítið úr atvikinu.**

**- þeb** / **sjá síðu 6**




Rætt um tilfærslur á ráðherrum og ráðuneytum í ríkisstjórn:

# Vaxandi líkur á uppstokkun

**STJÓRNMÁL** Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa rætt sín á milli síðustu daga um mögulega uppstokkun í ríkisstjórninni. Er horft til þess að tilkynna umtalsverðar breytingar í síðasta lagi á ríkisráðsfundi með forseta Íslands um áramótin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt meðal ráðherra beggja flokka að þeir skipti með sér verkum á ný og færist til milli ráðuneyta. Jafnframt mun vera til skoðunar milli stjórnarflokkanna að skipta á ráðuneytum. Fengi þá Sjálfstæðisflokkurinn tvö af ráðuneytunum sem Samfylkingin fer með og léti í staðinn tvö af sínum ráðuneytum. Er með þessu vonast til þess að ríkisstjórnin fengi nýja og ferskari ásýnd, þar sem ráðherrar kæmu til leiks í nýju ráðuneyti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði við Ríkisútvarpið á laugardag, að mjög naumur tími væri til stefnu til að svara háværum kröfum í þjóðfélaginu um breytingar á ríkisstjórn. Þá útilokaði Geir H. Haarde forsætisráðherra ekki ráðherraskipti í Fréttablaðinu í gær.

**- bih**






## SPURNING DAGSINS



*Óskar, er þetta gæluverkefni?*

Já, ég er með kattaofnæmi. Get ekki átt alvöru gæludýr.

Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður er með nýja sjónvarpsmynd í bígerð sem er byggð á skáldsögunni Gæludýrin eftir Braga Ólafsson

Jón Gerald ætlar að opna lágvöruverslun á Íslandi til að lækka matarverð:

# Fær betri viðtökur en áður

**VIÐSKIPTI** „Nú verðum við að bretta upp ermar og vinna saman, það þýðir ekkert að pakka saman og flytja burt,“ segir Jón Gerald Sullenberger athafnamaður en hann hyggst stofna lágvöruverslun hér á landi.

Hann segist vonast til þess að fyrsta verslunin opni eftir tvo til þrjá mánuði. „Þetta snýst ekkert um það að fara í samkeppni við einn eða neinn, þetta er heldur ekki gert í sérstöku gróðaskyni. Málið er það að vöruverð er einfaldlega alltof hátt hér á landi og ég tel mig hafa möguleika á því að flytja vöru beint inn og selja hana í verslun þar sem ekki er verið að tjalda öllu til heldur einfaldleikinn látinn ráða.“



JÓN GERALD SULLENBERGER

Hann segist verða var við breytt viðhorf Íslendinga í sinn garð. „Nú sér fólk að það sem ég er búinn að vera að segja í sex ár var alveg rétt. Það sér núna hvernig þessir viðskiptajöfrar hegðuðu sér. Eins hafa margir haft samband við mig frá því að ég sagði frá þessu með lágvöruverslunina í Silfri Egils og allir vilja leggja hönd á plóginn, jafnvel vinna kauplaust.“ **- jse**



**AÐ VERSLA** Jón Gerald vill vinna að því að vöruverð á Íslandi verði lægra en það er í dag.

Útrásarfyrirtækin:

# Komu sér undan skattinum

**SKATTAMÁL Úttekt sem Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, gerði bendir til þess að eignarhaldsfélög, sem eiga í íslensku útrásarfélögunum, hafi komið sér undan skattgreiðslum með skráningu í útlöndum.**

**Í þættinum Silfur Egils í gær sagði hann að á árunum 2005-2007, hafi um 80 milljarðar króna verið greiddir út úr viðskiptabönkunum þremur, sem arður eigenda, og launagreiðslur til æðstu stjórnenda. En þar sem eignarhald bankanna hafi að verulegu leyti verið skráð erlendis hafi aðeins hluti þeirra upphæðar verið skattskyldur hér á landi.** **-jse**

Katrín Tryggvadóttir á SO:

# Íslendingur keppir í Idaho

**ÍÞRÓTTIR Íþróttakonan Katrín Tryggvadóttir keppir fyrir Íslands hönd á alþjóðavetrarleikum Special Olympics í Idaho í Bandaríkjunum á næsta ári.**



KATRÍN TRYGGVADÓTTIR MYND/ÍF

**Katrín, sem þjálfað hefur með listhlaupadeild Skautafélagsins Bjarnarins undir leiðsögn Helgu Olsen þjálfara, keppir í listhlaupi á skautum á vetrarleikunum. Hún fer út á vegum Íþróttasambands fatlaðra.**

**Alþjóðavetrarleikarnir eru haldnir fjórða hvert ár og munu alls 2.500 keppendur frá 113 löndum taka þátt að þessu sinni.**

**- rve / sjá sérblaðið Hvata**

Árni Mathiesen:

# Vill að þjóðin kjósi um ESB

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra vill að þjóðin fái að kjósa um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Sagði hann í þættinum Mannamáli á Stöð 2 í gær að hann hefði skipt um skoðun varðandi ESB. Hingað til hefði honum ekki hugnast innganga, þar sem það samræmdist ekki hagsmunum okkar í sjávarútvegsmálum, en nú væri hann þeirrar skoðunar að taka ætti málið til ítarlegrar skoðunar.

Árni er einn margra Sjálfstæðismanna sem hafa tjáð sig með jákvæðum hætti um hugsanlega aðild Íslands að ESB en Sigurður Kári Kristjánsson og Pétur Blöndal eru á öndverðum meiði líkt og lesa má í fréttskýringu Fréttablaðsins í dag. **-jse/** **sjá síðu 12**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Gert er ráð fyrir því að fjárframlög til Háskóla Íslands verði skert um 833 milljónir á næsta ári og framlög í Háskólasjóð um 118 milljónir. Sexföldun hefur orðið á fjölda nýrra stúdenta á vormisseri í ár frá því í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Segja ríkisstjórnina hunsa eigin stefnu

**Stúdentar lýsa áhyggjum af væntanlegum milljarðaniðurskurði á framlögum til Háskóla Íslands og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Reiðarslag, segir formaður Stúdentaráðs. Menntamálaráðherra vildi þriðjungi minni niðurskurð.**

**MENNTAMÁL** Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) er mjög óánægt með þær tillögur ríkisstjórnarinnar að skerða fjárframlög til Háskóla Íslands og Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) á næsta ári. Heimildir Fréttablaðsins herma að menntamálaráðherra hafi viljað þriðjungi minni niðurskurð á framlögum til skólans en lagður er til í fjárlögum.

Í endurskoðuðum fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til Háskóla Íslands skerðist úr tæpum tíu milljörðum í tæpa níu, eða alls um 951 milljón króna. Þá eru framlög til LÍN skert um 1.360 milljónir, úr rúmum 7,7 milljörðum í tæpa 6,4.

Björg Magnúsdóttir, formaður SHÍ, segir niðurskurðinn skjóta mjög skökku við í ljósi þess að fyrirséð sé að ásókn í nám muni aukast til mikilla muna vegna efnahagsástandsins.

„Af hverju gera forsendur fjárlaga ráð fyrir aðeins fimm prósenta fjölgun námsmanna á lánum þegar fyrir liggur að þeim muni fjölga um tuttugu eða jafnvel þrjátíu prósent þegar aukinn fjöldi hefur nám, atvinnutækifæri gufa upp og baklönd verða ótryggari fjárhagslega? Af hverju hunsar ríkisstjórnin sína eigin stefnumörkun um eflingu menntunarstigs þjóðarinnar?“ segir í ályktun SHÍ, sem fer fram á að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína.



BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

„Við erum foxill,“ segir Björg. „Þessar ákvarðanir eru ekki að hjálpa neinum. Það er alveg á hreinu.“ Hún segir að niðurskurðurinn muni óhjákvæmilega bitna á næstu samningaviðræðum námsmannahreyfinganna við LÍN. Óðaverðbólgan sé þegar farin að éta upp hækkunina sem náðist fram síðastliðið vor og erfitt sé að ímynda sér hver staðan verði næsta vor.

„Þetta er reiðarslag fyrir okkur öll. Hlutverk LÍN eykst í kreppunni. Lánasjóðurinn og Háskólinn sjálfur eru björgunarhringir í árferði sem þessu,“ segir Björg, sem óttast flótta námsmanna til útlanda ef saumað verði að þeim með þessum hætti. Hún segir að SHÍ hafi þegar sett á fót viðbragðshóp vegna málsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fól menntamálaráðherra háskólaráði HÍ í byrjun desember að vinna tillögur að hagræðingu og niðurskurði innan veggja skólans um sem næmi 650 milljónum króna, eða um þriðjungi minna en síðan er gert ráð fyrir í fjárlögum. Hvorki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra né Kristínu Ingólfsdóttur rektor HÍ í gær.

stigur@frettabladid.is

Íslensk erfðagreining:

# Ný rannsókn á offituvanda

**HUGVIT** Sex áður óþekktar genastökkbreytingar sem tengjast offitu hafa verið kortlagðar með umfangsmikilli rannsókn sem Íslensk erfðagreining leiddi. Niðurstöður auka skilning á því hvernig heilinn og taugakerfið stjórna efnaskiptum í líkamanum.

Í rannsókninni tóku þátt þrjátíu þúsund manns á Íslandi, í Hollandi og Bandaríkjunum. Kári Stefánsson, forstóri ÍE, leiddi hóp vísindamanna og segir í viðtali við Reuters fréttastofuna að niðurstöðurnar muni nýtast við þróun lyfja gegn offitusjúkdómnum og leggja beri jafna áherslu á að ná tökum á matarlyst og hvernig líkaminn vinnur úr fæðunni. **- shá**



**TAKMARKAÐ ÚTSÝNI** Þeir ökumenn sem hirða ekki um að skafa snjó af rúðum bíla sinna geta átt yfir höfði sér 5 þúsund króna sekt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Setja vegfarendur í hættu:

# Ökumenn skafi bílrúðurnar

**UMFERÐ Nokkuð hefur borið á því undanfarið að ökumenn hirði ekki um að skafa snjó af rúðum bíla sinna en með slíku háttalagi setja ökumenn sjálfa sig og aðra vegfarendur í talsverða hættu.**

**Lögreglan hefur haft afskipti af mörgum ökumönnum fyrir áðurnefndar sakir, meðal annars við leik- og grunnskóla þar sem lítið má út af bregða í skammdeginu. Í tilkynningu frá lögreglunni biður hún ökumenn að taka sig á og skafa af bílrúðum en með því sé öryggi allra betur tryggt.** **- ovd**


**Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga**

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.



Nánari upplýsingar á www.ms.is


Breskur blaðamaður skrifar um Gordon Brown og íslensku þjóðina:

# Brown níddist á minni máttar

**BRETLAND** Gordon Brown hefði ekki beitt hryðjuverkalögum á þýska eða franska banka, og jafnvel ekki banka frá Liechtenstein. Þetta er mat bresks blaðamanns frá The Sunday Times, sem skrifaði langa grein um ástandið á Íslandi í gær.

Blaðamaðurinn A.A. Gill líkir Brown við skólastrák í greininni, og segir að hann hafi sparkað harkalega í minna barn. Hann hafi sent bandamann á gjörgæslu til þess eins að fá blaðaumfjöllun og örlítið meira fylgi í skoðanakönnun. Íslendingar hafi varla fangelsi, og engan her. Þeir séu meðal annars frjálslyndasta, skynsamasta, duglegasta, skemmtilegasta og best menntaða fólk í heimsálfunni, og séu langt frá því að vera hryðjuverkamenn.

Blaðamaðurinn segir í greininni að Ísland hafi verið þriðja ríkasta land heims fyrir hálfu ári en sé nú gjaldþrota. Þá segir hann frá ókláruðum byggingum og gífurlegum fjölda af innfluttum bílum sem standi óhreyfðir við Sundahöfn. Hann fer fögrum orðum um Íslendinga en segir þá bitra og ofboðslega drykkfellda.



**REYKJAVÍK** Blaðamaðurinn A.A. Gill var hér á landi og skrifaði um upplifun sína á íslenskri þjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gill segir að það sé eitthvað hressandi við Ísland um þessar mundir, það sé eins og fólk sé að vakna. Þá segir hann að kreppan nú sé ekki það versta sem íslensk þjóð hafi mátt þola, þjóðin sé hörð og muni standa hremmingarnar af sér.

Hægt er að lesa grein Gills á vef Times, timesonline.co.uk. **- þeb**

# 6 X frítt í bíó!

**2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova!**

**Þú borgar 2.000 kr. á mán. í 12 mán. fyrir símann og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – Þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann!**

**Öllum símatilboðum fylgir bíókort – 6 X frítt í bíó!**

DAGUR & STEINI




Nokia 3120

útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.







Nokia 5320 ExpressMusic

**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.



**0 kr. Nova í Nova!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## GENGIÐ 12.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,72 | 117,28 |
| Sterlingspund | 174,22 | 175,06 |
| Evra | 155,33 | 156,19 |
| Dönsk króna | 20,847 | 20,969 |
| Norsk króna | 16,889 | 16,989 |
| Sænsk króna | 14,608 | 14,694 |
| Japanskt jen | 1,2934 | 1,3010 |
| SDR | 176,91 | 177,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óeirðirnar halda áfram í Grikklandi og verslunarmenn sjá fram á gífurlegt tjón:

# Einar mestu óeirðir til þessa

**GRIKKLAND** Þrjátíu manns voru handteknir í fyrrinótt í einum mestu óeirðum sem brotist hafa út í Aþenu frá því að hinn 15 ára Alex Grygoropoulos var skotinn til bana af lögreglumanni á laugardaginn í síðustu viku. Þetta kom fram í gríska dagblaðinu Ta Nea í gær.

Í fyrradag voru haldnar minningarathafnir um piltinn víða um landið. Þær fjölmennustu voru á Stjórnarskrártorginu í miðborg Aþenu og svo í hverfinu Exarheía þar sem hann var skotinn.

Um nóttina fóru svo hópar manna um miðborgina með eldsprengjur og kveiktu í bílum, verslunum, bönkum og fleiru sem fyrir varð.

Í dag tekur gildi rýmri opnunartími verslana í Grikklandi í aðdraganda jóla en verslunarmenn eru afar svartsýnir og telja að viðskiptin í ár geti orðið allt að 70 prósentum rýrari en í fyrra. Þar við bætist að verslunarhverfi borgarinnar eru illa farin eftir óeirðirnar sem staðið hafa í rúma viku og bjóða margar verslanir upp á allt að 50 prósenta afslátt til þess að reyna að ýta við kaupendum. Kostas Karamanlis forsætisráðherra hefur þó sagt að reynt verði að bæta tjón verslunareigenda eftir fremsta megni. **- jse**



**Í LJÓSUM LOGUM** Hópar manna fóru um miðborg Aþenu í fyrrinótt með báli og brandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stefnt að lækkun dráttarvaxta:

# Dráttarvextir lækki á nýju ári

**EFNAHAGSMÁL Stefnt er að því að dráttarvextir verði lækkaðir um áramótin. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp þess efnis sem vonast er til að hljóti samþykki Alþingis fyrir áramót, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu.**

**Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að dráttarvextir miðist framvegis við sjö prósenta álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans, í stað ellefu prósenta áður. Auk þess er lagt til að Seðlabankinn missi heimild sína til að ákveða annað vanefndaálag. - sh**

Vandræðaleg mismæli:

# Gordon Brown „bjargar heimi“



GORDON BROWN

**BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, varð það á í fyrirspurnartíma í breska þinginu á miðvikudag að segja að ríkisstjórnin hefði „ekki bara bjargað heiminum,“ en leiðrétti sig síðan og sagði hana hafa „bjargað bönkunum“.**

**Stjórnarandstaðan hefur sakað Brown um að ýkja úr hófi eigin áhrif á alþjóðavettvangi í fjármálakreppunni.**

**Mismæli Browns urðu Nick Clegg, formanni Frjálslyndra demókrata, tilefni til að segja að forsætisráðherrann „héldi að hann væri Atlas, sem ber heiminn á herðum sér“. - aa**

Mótmæli í Rússlandi:

# Lögreglan handtók fjölda mótmælenda

**RÚSSLAND, AP** Að minnsta kosti 25 manns voru handteknir þegar lögregla í Rússlandi stöðvaði mótmæli stjórnarandstæðinga í Moskvu í gær.

Einnig voru tíu manns handteknir í mótmælum í Sankti Pétursborg. Skipuleggjendum mótmælanna hafði verið neitað um leyfi fyrir þeim.

Það var fyrrum skákmeistarinn Garry Kasparov sem stóð fyrir mótmælunum. Hann tilkynnti um stofnun nýrrar stjórnarandstöðuhreyfingar á laugardag.

Hreyfingin vill vekja athygli á efnahagsvandræðum Rússa og mótmæla áformum um að lengja kjörtímabil forseta. **- þeb**




# Höggið þungt fyrir elstu sjóðfélagana

**Eldra fólk sem valdi öruggustu sparnaðarleið Landsbankans fyrir séreignarsparnað sinn fer illa út úr hruni bankanna. Hið gagnstæða á við um sjóðfélaga Kaupþings sem völdu áþekka leið. Munur leiðanna er sláandi mikill í raun.**

**FJÁRMÁL** Íslenski lífeyrissjóðurinn, sem Landsbankinn rekur, kappkostaði sölu á innlendum og erlendum hlutabréfum til að lágmarka áhættu sjóðsfélaga mánuðina fyrir bankahrunið. Fénu var að stórum hluta varið til kaupa á skuldabréfum viðskiptabankanna sem urðu nær verðlaus við setningu neyðarlaganna í október. Þetta varð reiðarslag fyrir sjóðsfélaga; ekki síst fyrir eldri borgara sem höfðu valið ávöxtunarleið sem nær alfarið samanstóð af skuldabréfum. Niðurstaða lífeyrissjóðs í vörslu Kaupþings var mun betri þar sem áhersla var lögð á kaup á ríkistryggðum skuldabréfum.

Í bréfi til sjóðfélaga harma forsvarsmenn Íslenska lífeyrissjóðsins niðurstöðuna og boða óhjákvæmilega skerðingu lífeyrisgreiðslna á næsta ári. Þar segir að stórum hluta þeirra fjármuna sem losnuðu við sölu hlutabréfa hafi verið varið til kaupa á skuldabréfum viðskiptabankanna „enda lítið framboð á ríkistryggðum skuldabréfum á sama tíma“.

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, sem rekinn er af eignastýringu Kaupþings, segir að öruggasta ávöxtunarleiðin hafi skilað 23,1 prósents nafnávöxtun. Ástæðan er að Kaupþing lagði meiri áherslu á kaup á ríkisskuldabréfum en skuldabréfum fjármálastofnana og fyrirtækja.

Nafnávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins var neikvæð um tuttugu prósent á fyrstu ellefu mánuðum ársins óháð ávöxtunarleið. Leiðin sem ber mesta áhættu skilaði 20,4 prósenta neikvæðri ávöxtun samanborið við 20,1 prósent þar sem áhættan átti að vera lítil sem engin. Ef litið er til tímans frá bankahruninu er rýrnunin enn meiri eða rúm þrjátíu prósent eins og gögn sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins sýna glöggt.

Hann er 63 ára karlmaður sem hefur greitt í séreignarsparnað frá árinu 1999. Hann átti tæplega sjö og hálfa milljón í október en eign hans hafði rýrnað um tvær og hálfa milljón króna þegar honum barst bréf forsvarsmanna. Sparnaðarleiðin sem hann valdi er hugsuð fyrir sjóðfélaga sem ekki mega við því að taka mikla áhættu, aðallega fólk 65 ára og eldra. svavar@frettabladid.is



**HASSIÐ ÚR NORRÆNU** Gríðarlegt magn var falið í húsbílnum.

Lögreglan lýkur rannsókn:

# Stóra hassmálið til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á umfangsmiklu fíkniefnamáli sem kom upp á Seyðisfirði í júní er lokið. Hefur það verið sent embætti ríkissaksóknara til meðferðar.

Í umræddu máli fannst mikið magn fíkniefna í sérútbúnum húsbíl sem kom til landsins með Norrænu. Um var að ræða 190 kíló af hassi, 1,6 kíló af marijúana og 1,3 kíló af kókaíni.

Tónleikahaldarinn Þorsteinn Kragh ásamt Hollendingi á áttræðisaldri hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Rannsókn málsins var mjög viðamikil en að henni komu lögregluyfirvöld í fimm löndum og einnig Europol. - jss

## HEIMSSÝNING

### Milli Úkraínu og Svíþjóðar

Skáli Íslands á heimssýningunni í Sjanghaí í Kína árið 2010 verður á milli skála Úkraínu og Svíþjóðar.

## KÍSILFLÖGUVERKSMIÐJA

### Skýrist í vor

Lítið hefur þokast varðandi áætlanir Elkem um að reisa kísilflöguverksmiðju hér á landi eða erlendis. Einar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Elkem á Íslandi, segir að Elkem starfræki litla tilraunaverksmiðju í Noregi og velti fyrir sér staðsetningu nýrrar verksmiðju. Málið skýrist vonandi næsta vor.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**FROSTLAUST SUNNAN TIL Í DAG**

Enn ein lægðin er í dag að pota sér yfir norðvestanvert landið. Það gerir það að verkum að áttin er breytileg, norðaustlæg á Vestfjörðum annars suðvestlæg. Vindur vex síðdegis í dag um allt land og verður víða 13-18 m/s í kvöld. Þessari lægð fylgir úrkoma og þar sem frostlaust verður sunnan til verður hún blaut þar. Úrkomuminnst verður á Norðausturlandi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 11° |
| Amsterdam | 4° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| New York | 16° |
| Orlando | 24° |
| Osló | 0° |
| París | 3° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Skýrr elskar Microsoft

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Skýrr býður fjölbreyttar lausnir frá Microsoft í hugbúnaði og rekstrarþjónustu. Allt á einum stað. Fyrirtækið er gullvottaður samstarfsaðili Microsoft.

Hjá Skýrr starfa 200 sérfræðingar í upplýsingatækni, sem veita fyrsta flokks 24/7-þjónustu á hagkvæmu verði. Viðskiptavinir Skýrr í atvinnulífinu eru um 2.000 talsins og fyrirtækið hefur verið traustur samstarfsaðili á sviði upplýsingatækni í tæplega sex áratugi.

- Microsoft Dynamics **NAV**
  Fjárhags- og mannauðslausnir
- Microsoft Dynamics **CRM**
  Viðskiptatengsl
- Microsoft Office **SharePoint**
  Hópvinna og skjöl
- Microsoft **PerformancePoint Server**
  Áætlanagerð og árangursstjórnun
- Microsoft **Business Intelligence**
  Viðskiptagreind
- **Sérlausnir** fyrir atvinnugreinar
  Framleiðslufyrirtæki, hótel, matvælaiðnaður, orkufyrirtæki, ríkisstofnanir, sveitarfélög og þekkingariðnaður




Allt á einum stað | 569 5100 skyrr@skyrr.is | Skýrr

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að flytja af landi brott vegna kreppunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú skilning á aðhaldsaðgerðum stjórnvalda?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Útboð vegna hönnunar nýs háskólasjúkrahúss í undirbúningi þrátt fyrir óvissu:

# Útboðsgögnin verða á íslensku

**FRAMKVÆMDIR** Undirbúningur fyrir útboð á hönnun nýs háskólasjúkrahúss er á lokastigi. Verkið verður boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og verða útboðsgögn á íslensku. Sama máli gegnir um önnur gögn og samskipti vegna framkvæmdarinnar - verkefnismálið verður íslenska. Til þessa hefur verkefnismálið verið enska enda margvísleg ráðgjöf sótt til útlanda.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri verkefnisins, segir að samskipti við íslenskt heilbrigðisstarfsfólk verði eftirleiðis mikil og því eðlilegt að notast sé við íslensku í samskiptum. Spurður hvort þetta dragi ekki úr áhuga erlendra hönnuða á þátttöku í fyrirhuguðu útboði kveðst Ingólfur ekkert geta um það sagt. Aðildarríki EES notist almennt við sitt móðurmál í útboðum á svæðinu.



**INGÓLFUR ÞÓRISSON**



**GUÐLAUGUR Þ ÞÓRÐARSON**

Framvinda verkefnisins er í nokkurri óvissu, líkt og margar aðrar kostnaðarsamar framkvæmdir. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs var upphaflega gert ráð fyrir 800 milljónum króna til byggingar nýs spítala. Í nýju frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir 400 milljónum.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra sagði nýverið í Fréttablaðinu að bygging nýs spítala væri sveigjanlegt verkefni sem enn væri í undirbúningi og ekkert kallaði á að það yrði slegið út af borðinu.

Ingólfur segir undirbúningi haldið áfram af fullum krafti. - bþs

Eldsvoði í gömlu timburhúsi:

# Tíu látnir í eldsvoðum í Noregi

**NOREGUR** Fjögur ungmenni létu lífið í eldsvoða í bænum Flusund á eyjunni Heröy í Noregi aðfaranótt sunnudags.

Allt að tuttugu ungmenni voru samankomin í gleðskap í húsi þegar eldurinn braust út. Lögregla hefur ekki útilokað að fleiri hafi látist í eldsvoðanum, en einn maður bjargaðist úr brennandi húsinu.

Aðfaranótt laugardags létust sex manns í eldsvoða í Osló en það er mannskæðasti bruni í borginni frá seinni heimsstyrjöld. 76 manns hafa látist í eldsvoðum í Noregi það sem af er þessu ári.

- þeb








FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FORSETARNIR** George Bush hitti Jalal Talabani, forseta Íraks, í heimsókn sinni til landsins í gær. Með þeim funduðu varaforsetar Íraks, Adel Abdul-Mahdi, og Tariq al-Hashemi.

# Uppbyggingin í Írak kostnaðarsamt klúður

**Uppbygging Bandaríkjamanna í Írak er klúður. Hún var illa skipulögð og hefur kostað 117 milljarða dollarar, samkvæmt nýrri skýrslu. Lítið annað hefur þó verið gert en að lagfæra það sem var eyðilagt í innrás Bandaríkjahers árið 2003.**

**BANDARÍKIN** Uppbygging Bandaríkjamanna í Írak misheppnaðist vegna þess að engin stofnun ríkisstjórnarinnar bar ábyrgð á henni. Deilur milli skriffinna, vaxandi ofbeldi og vanþekking á íröksku samfélagi höfðu einnig áhrif á að uppbyggingin klúðraðist. Þetta kemur fram í drögum að skýrslu um uppbygginguna sem gerð var fyrir Bandaríkjastjórn og dagblaðið New York Times birti í gær.

Í skýrslunni kemur fram að Bandaríkjastjórn hafi ekki verið nægilega vel undirbúin til að framkvæma þau verkefni sem uppbyggingin fól í sér. Verkefnið í heild hafi verið illa undirbúið og oft hafi stórar ákvarðanir verið teknar á mjög stuttum tíma. Dæmi er tekið af því að embættismanni hafi verið gefinn fjögurra klukkustunda frestur til að ákveða hversu mikið af vegum þyrfti að opna og laga. Mat þessa embættismanns hafi svo farið beint inn í áætlun um málið. Þá er sagt að bandarísk stjórnvöld hafi fyrir innrásina verið treg til að eyða peningum í uppbyggingu annars lands. 117 milljörðum hafi þó verið eytt síðan þá og þar af hafi 50 milljarðar komið beint úr vasa skattgreiðenda. Peningarnir hafi þó nánast aðeins farið í að lagfæra það sem var eyðilagt í innrásinni sjálfri.

Í skýrslunni segir Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra, að á mánuðunum eftir innrásina hafi sífellt verið gefnar rangar upplýsingar um fjölda í öryggissveitum. Tölurnar hafi verið ýktar um tuttugu þúsund manns í hverri viku.

Einnig kemur fram í skýrslunni að nú, fimm árum eftir innrásina í Írak, hafi stjórnvöld hvorki fastmótaða stefnu né getu til þess að takast á við svo stórt verkefni sem uppbyggingin sé.

Skýrslan er unnin af bandarískri eftirlitsstofnun með uppbygginginunni í Írak, sem leidd er af repúblikanum Stuart W. Bowen. Bowen hefur undanfarin fimm ár fylgst með uppbyggingunni í Írak. Skýrslan er byggð á um 500 nýjum viðtölum og yfir 600 rannsóknum sem hafa verið gerðar síðustu árin. Bowen vill ekki tjá sig um skýrsluna, sem á að kynna fyrir þingnefnd í byrjun febrúar á næsta ári.

George W. Bush, fráfarandi forseti Bandaríkjanna, kom í óvænta heimsókn til Íraks í gær. Það verður væntanlega síðasta opinbera heimsókn hans þangað. Barack Obama hefur lofað að draga herlið Bandaríkjanna út úr landinu.

thorunn@frettabladid.is






**Neytendur:** Verðkönnun Dr. Gunna

# *Rándýr innflutt leikföng*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Vegna vægast sagt ömurlegrar stöðu íslensku krónunnar er verð á innfluttum leikföngum frámunalega óhagstætt í dag. Ég fæ mjög mörg dæmi um svívirðilegar verðhækkanir á leikföngum og þegar ég skrapp í tvær leikfangabúðir í Kópavogi fyrir helgina rak ég oft upp stór augu og blöskraði verðið á vörunum.

Því miður snúa mörg þessara dæma að Toys R Us. Búðirnar, sem eru hluti af alþjóðlegri keðju, eru vissulega skemmtilegar í að koma. Búðin á Smáratorgi er uppáhaldsbúð sonar míns og í góðærinu, þegar dollar var á 60 kall, voru vörurnar í Toys R Us á fínu verði. Nú hefur tvennt gerst, krónan er hrunin og samkeppnisaðilinn Just 4 Kids er farinn á hausinn. Afleiðingin er nánast ótrúlega hátt verð.

Hagkaup er næststærsti söluaðili leikfanga. Hagkaup og Toys R Us eru þó með það ólíkt vöruúrval að erfitt er að gera beinan verðsamanburð. Nokkrar vörutegundir eru þó eins og þegar ég bar verð á þeim saman kom Hagkaup oftast skár út. Samt ekki á Lego löggustöðinni sem son minn langar mest í í jólagjöf. Stöðin kostar 18.999 kr. í báðum búðunum. Sæll!

| Leikföng | Toys R Us Smáratorgi | Hagkaup Smáralind | Munur |
|---|---|---|---|
| Party & co borðspil | 10.499 kr. | 5.999 kr. | 43% ódýrara í Hagkaupum |
| Lego kranabíll 7249 | 11.999 kr. | 9.999 kr. | 17% ódýrara í Hagkaupum |
| Lego löggustöð 7744 | 18.999 kr. | 18.999 kr. | Jafn dýrt |
| Hot Wheels starter set | 4.999 kr. | 3.999 kr. | 20% ódýrara í Hagkaupum |
| Stiga sleði | 10.499 kr. | 9.999 kr. | 5% ódýrara í Hagkaupum |
| Littlest petshop 20 plastfíg. | 16.999 kr. | ekki til | - |
| Littlest petshop 10 plastfíg. | ekki til | 4.999 kr. | - |




# FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins fyrstu 11 mánuði ársins 2008




Fjárfestingarleiðirnar hafa mismunandi fjárfestingarstefnu og eru því misáhættusamar. Frjálsi Áhætta er áhættumest og Frjálsi 3 er áhættuminnst.

## Góð ávöxtun miðað við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum

Staða fjármálamarkaða hefur haft áhrif á **Frjálsa lífeyrissjóðinn** en aðgerðir í Eignastýringu Kaupþings, sem er rekstraraðili sjóðsins, hafa á undanförnum tveimur árum miðað að því að minnka markvisst áhættu í fjárfestingarleiðum sjóðsins. Með auknu vægi ríkisskuldabréfa og kerfisbundinni sölu á hlutabréfum hefur tekist að að draga verulega úr neikvæðum áhrifum á eignasafn **Frjálsa lífeyrissjóðsins** sem endurspeglast í ávöxtun sjóðsins.

**Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum þarf ekki að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga í samtryggingadeild sjóðsins.**

### Aukaársfundur 16. desember

Frjálsi lífeyrissjóðurinn heldur aukaársfund þriðjudaginn 16. desember næstkomandi, kl. 17:15, í höfuðstöðvum Kaupþings. Lagðar verða fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins og veittar upplýsingar um rekstur og ávöxtun sjóðsins á árinu. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Ítarlegri upplýsingar um **Frjálsa lífeyrissjóðinn** má nálgast á **www.frjalsilif.is**

KAUPÞING

## VEISTU SVARIÐ?



1. Eftir hvaða bók Braga Ólafssonar ætlar Óskar Jónasson að gera sjónvarpsmynd?
2. Í hvaða landi er pókermótið sem Egill Einarsson (Stóre) ætlar á?
3. Frá hvaða landi er nýkjörin Ungfrú heimur?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Borgarráð samþykkir tillögu nafnanefndar um ný götunöfn fyrir slippasvæðið:

# Slippagata frá Geirsgötu að Seljavegi

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð samþykkti á fimmtudaginn tillögu nafnanefndar Reykjavíkurborgar um nafngiftir nýrra gatna á slippasvæðinu í Reykjavík.

Meðal nýrra götunafna er Slippagata sem liggur frá Geirsgötu að Seljavegi en með nafngiftinni er vísað til þess að gatan verður lögð yfir athafnasvæði gömlu slippanna við Reykjavíkurhöfn.

Önnur ný götunöfn á svæðinu eru Græðisgata, Hlésgata, Lagargata og Rastargata auk þess sem göngustígur frá Slippagötu að nýrri smábátahöfn mun bera heitið Seljastígur. Þá munu þrjú torg á svæðinu heita Brekatorg, Seljatorg og Ægistorg. Mýrargata heldur nafni sínu á þeim kafla sem eftir verður af götunni.

Í greinargerð með tillögu nafnanefndar að nafngiftum gatna á slippasvæðinu kemur að Slippagata dragi nafn sitt af gamla Slippasvæðinu og haldi þannig minni þeirra. En skipasmíðar og skipaviðgerðir hafa verið starfræktar á svæðinu, að minnsta kosti frá árinu 1902.

Þá kemur fram að aðrar götur fái heiti sjávar og boða með vísan til þess að byggt verði að hluta á fyllingu út í víkina. Einnig taki nöfnin mið af götuheitum í nágrenni nýja hverfisins, svo sem götum sunnan Vesturgötu eins og Bárugötu, Ránargötu og Öldugötu.

- ovd



**SLIPPASVÆÐIÐ** Ný götunöfn á slippasvæðinu taka mið af starfsemi sem fyrir var á svæðinu sem og því að hluti gatnanna verður á uppfyllingu út í sjó.

Háskólinn í Reykjavík:

# Leiðir samstarf um nýsköpun

**MENNTUN** Háskólinn í Reykjavík mun leiða GEM-rannsóknina (Global Entrepreneurship Monitor) sem er umfangsmesta alþjóðlega rannsókn á frumkvöðlastarfi í heiminum að sögn skólayfirvalda.

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, og Pia Arenius, formaður stjórnar GEM-samstarfsins, undirrituðu samkomulag þar að lútandi í fyrradag. Árlega taka fulltrúar frá 66 þjóðum þátt í verkefninu, sem hófst fyrir níu árum, og hefur Háskólinn í Reykjavík tekið þátt fyrir Íslands hönd frá því árið 2002.

- jse

Fiton/SÍA

**Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?**

Samkvæmt 20 gr. laga VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum til formanns og í stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.

Skriflegt meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns og til setu í stjórn.

Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á **kjorstjorn@vr.is**

Framboðsfrestur er til kl. 12:00, 22. desember 2008.

**Kjörstjórn**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



FASTEIGNIR Með hækkandi fasteignaverði á undanförnum árum hefur eigið fé fasteignaeigenda aukist mjög. Það hefur nú þegar gengið til baka að hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eigið fé fólks í fasteignum brennur upp

**Á áttunda þúsund einstaklinga með íbúðalán hjá bönkunum eru með skuldir yfir 90 prósentum af verðmæti fasteignanna. Um 3.200 skulda meira fyrir fasteignir sínar en sem nemur fasteignamati þeirra.**

**EFNAHAGSMÁL** Einn af hverjum tuttugu viðskiptavinum sem fengið hafa fasteignalán hjá bönkunum er með hærri lán áhvílandi en fasteignamat húsnæðisins. Það eru um 3.200 lán. Þetta kemur fram í tölum frá Fjármálaeftirlitinu.

Bankarnir hafa veitt samtals tæplega 63 þúsund íbúðalán frá því að þeir hófu að lána almenningi fyrir fasteignum haustið 2004. Tölurnar eru frá miðju ári 2008. Talsverður meirihluti lántakenda, um 64 prósent, skuldaði þá undir 70 prósentum af andvirði fasteigna sinna.

Á áttunda þúsund lántakenda hjá bönkunum eru með yfir 90 prósenta veðsetningu á eignum sínum. Það eru tæplega tólf prósent af útlánum bankanna. Meðaleftirstöðvar hvers einstaklings innan þessa hóps af lánunum eru um 11,5 milljónir króna.

Með aukinni verðbólgu brennur eigið fé í fasteignum hratt upp. Þeir sem skulda hátt hlutfall lenda því í auknum mæli í því að skulda meira en andvirði fasteignanna.

Fram kom í Fréttablaðinu í vikunni að veðsetningarhlutfall um sextán prósent lántakenda hjá Íbúðalánasjóði er yfir 80 prósentum. Það gerir rúmlega 7.700 einstaklingar. Sérfræðingar sem rætt var við segja slíkt ekki áhyggjuefni fyrir þá sem ætli sér að búa áfram í sínu húsnæði. Það takmarkar þó möguleika þeirra til að selja húsnæðið og flytja, og festir þá í nokkurs konar átthagafjötrum.

Á undanförnum árum hefur verðmæti fasteigna hins vegar aukist gríðarlega á skömmum tíma. Því má segja að sú mikla hækkun sé að ganga til baka.

Þeir sem komast í þá stöðu að skulda meira en andvirði fasteignarinnar, og verða annaðhvort að selja íbúðina eða ráða ekki við greiðslur af henni og missa fasteignina, geta hins vegar komist í vandræði. Þar sem ábyrgð á fasteignaláni fylgir einstaklingnum geta þeir þurft að borga með fasteigninni, eða flytja hluta láns yfir á aðra eign.

Bankarnir hafa í um tíu prósentum tilvika selt lánsáhættuna til annars aðila, að því er fram kemur í upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Þetta á þó sjaldnar við í áhættusömustu tilvikunum, þar sem skuldir eru yfir 90 prósentum af verðmæti fasteigna. Þar hefur lánaáhættan verið seld í um sjö prósentum tilvika.

brjann@frettabladid.is



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

# netto

Létt og gott fyrir hátíðarnar



FISKBOLLUR, ÝSA, 1KG

**584 kr/pk.**

~~899~~ kr/pk.

25% afsláttur

FRÁBÆRT VERÐ!

SKINNEY ÝSUBITAR
ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR 1KG

**797 kr/pk.**




HOLLUSTA ÚR HAFINU




MEIRA MAGN

25% afsláttur

ÝSA, 5 PUND

**1.499 kr/pk.**

~~1.999~~ kr/pk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 15. - 17. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

**Kíktu á tilboðin á www.netto.is**

Tvöfaldir punktar
í Nettó!




Birt með fyrirvara um prentvillur.



**HVÍTAHÚSS-HUNDUR** Barney, heimilishundur Bush-hjónanna í Hvíta húsinu, að leik í snævi þöktum Rósagarðinum. Miklar vangaveltur eru nú í gangi vestra um það hvaða eiginleikum Hvítahúss-hundur skuli vera búinn, en Obama-fjölskyldan hyggur á að fá sér hund þegar hún flytur inn í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er víst að ríki og borg taki yfir tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurhöfn:

# Byggja örugglega ekki hótelið

**SKIPULAGSMÁL** Ríki og borg munu örugglega ekki byggja og eiga hótelið sem rísa á við hlið tón-listar- og ráðstefnuhússins við Reykjavíkurhöfn. „Það er mjög æskilegt að við finnum rekstraraðila eða framkvæmdaaðila sem vill byggja hótelið,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, stjórnarmaður í Austurbakka, félagi sem ríki og borg eiga í sameiningu.

Júlíus segir nokkra hafa sýnt áhuga á hótelinu. Þeir bíði niðurstöðu um framhald á byggingu og eignarhaldi tónlistar- og ráðstefnuhússins. Ekki sé enn ljóst hvort Austurbakki taki verkefnið yfir.

Málið og möguleikar í stöðunni voru kynntir borgarráði í gær, að sögn Júlíusar Vífils. Engin ákvörðun hafi þó verið tekin á þeim fundi, enda ekki lagt upp með það.

Viðræður eiga sér nú stað milli Austurbakka, nýja Landsbankans og þess gamla og ÍAV sem byggir húsið. Meðal þeirra mála sem þarf að leysa er að lóðin undir húsið tilheyrir gamla Landsbankanum. Bygging þess og eignarhald tilheyrir hins vegar þeim nýja, eftir að Portus, félag Björg-ólfs Guðmundssonar, sem byggði húsið, fór í þrot.

Júlíus segir niðurstöðu að vænta á næstu dögum, jafnvel um helgina. - hhs



**ÓVISSA** Enn er ekki ljóst hver verður eigandi tónlistar- og ráðstefnuhússins né heldur á hve löngum tíma það verður byggt. MYND/PIORTUS

Mannskæð árás í Írak:

## Sjálfsvígsárás í Kúrdahéruðum

**ÍRAK, AP** **Sjálfsvígsárásarmaður sprengdi sig á veitingahúsi í borginni Kirkuk í norðurhluta Íraks á fimmtudag. Árásin kostaði 55 manns lífið hið minnsta.**

**Fjöldi fólks var á veitingahúsinu, þar á meðal háttsettir embættismenn Kúrda á fundi með héraðsleiðtogum araba. Fundurinn snerist um langvarandi deilur milli Kúrda og araba á þessu svæði.**

**Árásin var sú mannskæðasta í Írak í hálft ár, og með þeim verstu á þessu svæði þar sem árásir af þessu tagi hafa verið færri en víða annars staðar í landinu.** - gb








**Á SJÖUNDA DEGI** Svona líta sorpmál íbúans í Grindavík og nágranna hans út á sjöunda degi frá losun tunnanna.

Íbúi í Grindavík óánægður með sorphirslu í bænum:

# Bent á að fá sér aðra ruslatunnu

**UMHVERFISMÁL** „Mér var bara sagt að ég skyldi breyta innkaupunum,“ segir Þór Björnsson íbúi í Grindavík, sem er ekki sáttur við tíðni sorphirðu í bænum. Þar eru sorptunnur losaðar á tíu daga fresti en ekki vikulega eins og víða annars staðar.

„Við erum fimm manna fjölskylda, þar af tvö ungbörn,“ útskýrir Þór. „Eftir viku er tunnan orðin full og svo flæða ruslapokarnir um allt. En ég sagði bara viðmælanda mínum hjá bæjarfélaginu að gleyma þessu þegar hann vildi fara að ráðskast með innkaupin hjá okkur.“

Spurður hvers vegna fjölskyldan fái sér ekki bara aðra tunnu til viðbótar segir Þór að það myndi stórhækka fasteignagjöldin, þar sem sorphirðugjald væri innifalið í þeim. Við svoleiðis aukapakka mættu fæstir við í dag.

„Já, ég benti manninum á að fá sér aðra tunnu eða þá að breyta innkaupum heimilisins,“ segir Jón Þórisson fjármálastjóri bæjarins. Hann segir að sorpmál séu orðin vandamál alls staðar. Umbúðafrek neysluvara skili miklu í sorp. Losun á tíu daga fresti hafi verið tekin upp fyrir fjórum árum.

„Þá kom þessi óánægja upp,“ segir Jón. „Svo breytti fólk innkaupavenjunum, forðaðist umbúðamikinn varning og þar með græddu allir.“ - jss








Gefur þú stærstu jólagjöfina í ár?

Allir sem eiga miða í **desember 2009** geta átt von á sérstökum **75 milljóna króna vinningi** sem dreginn verður út í seinni útdrætti þann mánuðinn. Númerið fer einu sinni í pottinn fyrir hvern greiddan mánuð, þannig að sért þú með strax frá upphafi árs, getur þú **tölfaldað möguleikana**.

**Nú fást miðar í sérstakri gjafaöskju á afmælissýningu okkar í Smáralind, hjá aðalumboði og umboðsmönnum um allt land.**

Gleddu vin og stuðlaðu um leið að uppbyggingu Háskólans. Svo getur þú auðvitað keypt einn fyrir þig í leiðinni! Nánari upplýsingar á sölustöðum, í síma 800 6611 eða á hhi.is.

75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083868

# JÓLATILBOÐ

20% AFSLÁTTUR af öllum sængurfatnaði til jóla

JÓLATILBOÐ
Sængurver frá
4.240 kr.



JÓLATILBOÐ
Heilsukoddar frá
5.900 kr.

20% AFSLÁTTUR

AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
JÓLATILBOÐ
99.500 kr.
= 55.500 kr.
AFSLÁTTUR!

# REKKJUNNAR

## KAUFFMANN DRAUMASÆNGUR

KAUFFMANN

Í Rekkjunni færðu hinar margrómuðu Kauffmann hitajöfnunardúnsængur þar sem Outlast hitajöfnunarefnið kemur mikið við sögu. Kauffmann hefur sérhæft sig í hágæðasængum frá árinu 1896. Þegar litið er til gæða þá er Kauffmann fremstur meðal jafningja. Allt framleiðsluferlið snýst um gæði og vandvirkni. Sængurnar eru handgerðar og fara í gegnum strangt gæðaeftirlit áður en þeim er vandlega pakkað. Allar Kauffmann sængur eru ofnæmisprófaðar. Allur dúnninn, sem notaður er, kemur frá köldustu stöðum heims, svo sem Síberíu, Grænlandi, Kanada og Íslandi.

Outlast



KAUFFMANN
900 g dúnsæng (200x200)
Verð 53.100 kr.
JÓLATILBOÐ
47.790 kr.



KAUFFMANN
250 g dúnsæng (140x200)
Verð 28.800 kr.
JÓLATILBOÐ
25.920 kr.

BESTU KAUPIN!
KAUFFMANN
600 g dúnsæng (140x200)
Verð 37.300 kr.
JÓLATILBOÐ
29.840 kr.
7.460 kr.
AFSLÁTTUR!

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16








**FRÉTTASKÝRING:** Sjálfstæðisflokkurinn og Evrópusambandið

# Andstæðingar hafa ekki sagt sitt síðasta

**Sjálfstæðismenn virðast vera orðnir jákvæðir í garð ESB-aðildar. Þeir sem eru mótfallnir slíku hafa ekki haft sig mikið í frammi að undanförnu en þeir eru til og láta ekkert undan í afstöðu sinni.**



**FORMENNIRNIR Á SÍÐASTA LANDSFUNDI** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður eru hér á síðasta landsfundi. Það verður spennandi að sjá hvernig tekst að leiða saman ólík sjónarmið til ESB á þeim næsta.

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir í Fréttablaðinu í gær að svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið afstöðu með inngöngu Íslands í ESB en geri það með varfærnislegum hætti til að styggja síður þá sem eru mótfallnir slíku. Segir hann þá sem séu jákvæðir í garð sambandsins hafa sig frekar í frammi en hinir; það sé nýlunda í Sjálfsstæðisflokknum.

Af nógu er að taka því til rökstuðnings. Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, lýstu því yfir í grein í Fréttablaðinu að þeir vildu að Ísland hæfi aðildarviðræður við ESB og að ákvörðun um inngöngu yrði borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Árni Mathiesen, fjármálaráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í viðtali á Bylgjunni í gær að hann teldi flest benda til þess að Ísland gengi inn í ESB ef hægt sé að leysa stöðu sjávarútvegsins gagnvart Evrópusambandinu, eins og hann segir sjálfur.



Einnig segir Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður flokksins, í helgarviðtali Fréttablaðsins að ef menn verði ósáttir við niðurstöðuna um málið á landsfundi þá eigi þeir ekki annarra kosta völ en að leita til Vinstri grænna. Hann virðist því ganga út frá því sem vísu að ESB-sinnar gangi sáttir frá landsfundi. Þar að auki segir Ólöf Norðdal, þingmaður flokksins, í Fréttablaðinu í gær að nú beri okkur að láta reyna á aðildarviðræður.

En Sigurði Kára Kristjánssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, líst ekki vel á þá tillögu samflokksmanna sinna, Bjarna Benediktssonar og Illuga Gunnarssonar. „Gallinn við hana er sá að þetta leysir ekki þann bráðavanda sem við er að etja,“ segir Sigurður.

„Það er ljóst að Íslendingar komast ekki inn í ESB né geta orðið aðilar að myntbandalaginu fyrr en eftir fimm til sjö ár ef marka má yfirlýsingar stækkunarstjóra sambandsins, Olli Rehn. Það sem við verðum að gera núna er að ráða fram úr okkar bráðavanda, það er að segja gjaldeyris- og fjármálakreppunni. Þegar það hefur verið gert og íslenskt atvinnulíf er komið á lappirnar þá getum við athugað aðild enda verður samningsstaða okkar þá mun betri.“

Hann segir enn fremur að Íslendingar hafi ekki efni á að bíða eftir inngöngu í ESB og myntbandalagið. Því felist lausnin frekar í einhliða upptöku evru eða Bandaríkjadals. „Sérfræðingar hafa reiknað það út að gjaldmiðlaskipti muni kosta um 100 milljarða,“ segir hann. „Að bíða með flotkrónu eftir inngöngu í ESB með tilheyrandi varnaraðgerðum, sem felast í því að nota þessi lán sem við höfum fengið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gæti kostað okkur 1.200 milljarða. Þannig að það hlýtur að teljast óskynsamleg leið.“

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vandar heldur ekki sambandinu kveðjurnar og segir það hafa kúgað Íslendinga í Icesave-málinu. „Ég hef farið vel yfir reglur EES-sambandsins varðandi innlánstryggingakerfi þess og þær gera ráð fyrir því að innlánsstofnanir greiði tryggingarnar en ekki skattgreiðendur, enda er það ekki hægt,“ segir Pétur.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**



**PÉTUR BLÖNDAL**

„Þannig að við erum ekki ábyrg fyrir þessu heldur erum við neydd til að taka þessa ábyrgð.“

Hann segir Ísland gjalda fyrir áhugaleysi sambandsins í sinn garð. „Við vorum 600 ár í sambandi við þjóð suður í Evrópu sem var örugglega ekki illviljuð. Hún hafði bara enga þekkingu, skilning eða áhuga á vandamálum Íslands. Nú fyrir skömmu lentum við í útistöðum við Hollendinga og Breta og hvað gerist? Þeim tekst að fá allt Evrópusambandið á móti okkur og það kúgaði okkur til að samþykkja Icesave-reikningana og enginn áhugi eða skilningur var á vandamálum Íslendinga. Hefði því verið fyrir að fara hefði þeim í Evrópusambandinu verið í mun að Ísland næði sér á strik svo það gæti borgað þessar skuldir. Þess í stað ræna þeir okkar dýrmætustu auðlind, því unga fólkið fer, og steypa okkur í ástand sem gæti kostað okkur áratuga fátækt.“

Hann undrast dálæti fólks að sambandinu og segir að fjölmiðlar hafi ýtt undir það í von um að hókus-pókus-lausn væri að finna innan vébanda þess.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja ekkert óeðlilegt við það að flokksmenn láti í ljós svo ólíkar skoðanir um ESB. Hvað sem því líður hlýtur það að liggja í augum uppi að einhverjir verða að gefa eftir í janúar þegar flokkurinn tekur afstöðu til málsins.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is


FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Aukaársfundur
Frjálsa lífeyrissjóðsins

Aukaársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 16. desember kl. 17.15, í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

Dagskrá:

1. Ávarp stjórnarformanns
2. Rekstur og ávöxtun ársins 2008
3. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
4. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast í höfuðstöðvum Kaupþings og á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins, www.frjalsilif.is. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

### Við bjóðum **6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum**
**frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett
og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**

## S-CAPE
WALLHUGGER

**Sá nýjasti og besti frá Leggett**

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið nátt-borðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.

## PROFLEX



**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 389.900.
Nú á jólatilboði kr. **331.415** stgr.



**Ein besta heilsudýna í heimi**

## IQ-CARE

**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

**Amerísku heilsudýnurnar frá**

## Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**




**Svefn & heilsa**
★★★★★

**Teppasett**
**20-50% afsl.**

**Vinsælu sængurverasettin**
**20% afsl.**

**Húsgögn**
**20-50% afsl.**

**Heilsukoddar**
**20% afsl.**

**Nýir leðurgaflar og náttborð**
**20% afsl.**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is




Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-



www.betrabak.is

# Stillanleg jólatilboð



Þú átt það skilið
Nú er rétti tíminn!
20% afsláttur
- notaðu
tækifærið

**Fylgir öllum rúmum !**

Bókin „Þú getur" eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

## Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Eitt erfiðasta ár í sögu þjóðarinnar fram undan: 2009

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Óhætt er að slá því nú þegar föstu að það ár sem senn gengur í garð, muni verða eitt hið erfiðasta í sögu íslensku þjóðarinnar. Áföllin sem dunið hafa yfir á þessu ári hafa verið með eindæmum og langan tíma mun taka að byggja upp nýtt Ísland. Næsta ár mun leika þar algjört lykilhlutverk.

Í fyrsta lagi sýnist ljóst að Íslendingar munu annaðhvort ganga til alþingiskosninga á næsta ári í kjölfar stjórnarslita, eða þeir ganga til sögulegra viðræðna við Evrópusambandið um aðild. Úrslitin munu ráðast á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í lok næsta mánaðar, því formaður Samfylkingarinnar hefur tekið af öll tvímæli um að ríkisstjórnarsamstarfinu sé sjálfhætt ákveði samstarfsflokkurinn ekki að kúvenda í afstöðu sinni til ESB. Af sjálfu leiðir, að hvor atburðurinn um sig getur ráðið miklu um framtíð íslensku þjóðarinnar. Til breytinga í ríkisstjórn getur komið fyrr, jafnvel strax um áramótin og sömuleiðis í stjórn Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Ljóst er að atvinnuleysi mun aukast. Talið er að eitt til tvö hundruð manns missi nú vinnuna dag hvern og þúsundir á þúsundir ofan verði því án vinnu þegar líða tekur á næsta ár. Gefur auga leið, að þessum ört stækkandi hópi mun ekki reynast það leikur einn að standa undir síaukinni greiðslubyrði af lánum sínum, hvort sem þau eru gengistryggð eða vísitölubundin. Verðlag allt hefur hækkað, verðbólga er enn á uppleið, fjölmörg fyrirtæki berjast í bökkum og stjórnendur fyllast æ meira vonleysi.

Enginn veit hver þróunin verður í gengismálunum. Íslenska krónan hefur verið „sett á flot“ sem kallað er og styrkst nokkuð síðan það gerðist, en margir telja það svikalogn og benda á að nær engin viðskipti séu að baki þessari þróun og höftin svo mikil að frelsi í fjármagnsflutningum eigi ekki lengur við. Heiðar Már Guðjónsson framkvæmdastjóri sagði raunar í Markaðnum á Stöð 2 á laugardag, að ekkert væri að marka gengi krónunnar nú; stjórnvöld og Seðlabanki gætu í raun gefið upp hvaða gengisvísitölu sem er og því miður stefndi íslenskt atvinnulíf í þrot ef haldið verði í þessu horfinu. Af þessum sökum eigi nú þegar að hefja undirbúning að upptöku nýs gjaldmiðils einhliða, sem sé tæknilega vel mögulegt og einstakir stjórnarmenn innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins myndu hafa velþóknun á.

Mörg atriði fleiri mætti nefna, nægir að nefna fjárlögin sem samþykkja þarf á næstu dögum og munu fela í sér gríðarlegan niðurskurð á öllum sviðum. Allir hljóta að gera sér grein fyrir alvarleika málsins og mikilvægi þess að spara við sig hverja krónu til að sleppa við enn frekari lántökur erlendis á kostnað komandi kynslóða.

Flest þeirra atriða sem hér hafa verið talin upp geta orðið afar sársaukafull fyrir landsmenn, jafnvel orðið til þess að margir missi aleigu sína og aðrir kjósi að freista gæfunnar annars staðar og flytja af landi brott. Aðeins að því gefnu að unnið sé að raunhæfri framtíðarlausn, öllum landsmönnum til heilla, verður íslenska þjóðin sátt við endurreisnarstarfið og reiðubúin að taka höndum saman í uppbyggingunni. Fyrsta skrefið í þeim efnum er að segja alveg satt, horfast hreinskilnislega í augu við vandann og ráðast svo að rótum hans. Í þeim efnum þarf ekki að leita langt yfir skammt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjárlögin

Af öllu sem tíðindum sætir í fjárlagafrumvarpi næsta árs er einna athyglisverðast að skoða hvaða liðum er með öllu kippt þaðan út. Til að mynda verður engu varið í þjónustu við blinda og sjónskerta eða Sjónstöð Íslands. Iðnnemasamband Íslands virðist vera aflagt og öll forfallakennsla á framhaldsskólastigi líka. Fallið verður frá átaki í vímuvörnum, hætt verður við fjölgun hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og endurhæfingarsjóður fær ekki krónu. Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni og æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi lenda með öllu í niðurskurði og svo virðist sem jafnréttisfulltrúar ráðuneyta verði allir reknir. Og dæmi nú hver fyrir sig hvort forgangsröðunin er rétt.

### Örlögin

Guðni Ágústsson lýsir því í viðtali við Kolbrúnu Bergþórsdóttur í Morgunblaðinu hvað varð til þess að hann hætti snarlega sem formaður Framsóknarflokksins á dögunum. „Við Margrét hlustuðum á róandi tónlist og í einum textanum sungu þeir Björgvin Halldórsson og Sverrir Bergmann: Ég þarf enga sálfræði til, engin sálfræðiráð til að hemja minn æðandi hug, engar afsakanir, engar útskýringar til að sætta mig við orðinn hlut. Við Margrét vorum sammála um þessa niðurstöðu,“ upplýsir Brúnastaðabaróninn. Og þetta eru gagnlegar upplýsingar. Nú þarf bara einhver að taka sig til og splæsa eintaki af plötunni í jólapakka til ráðherra, seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.





### Með skeið

Það má þó þakka fyrir að Guðni var ekki að hlusta á Sverri Bergmann syngja texta Auðuns Blöndal við lagið Án þín, þar sem harmurinn brýst fram í ljóðlínunum „Ég skæri mér hjartað úr / með skeið“. Það hefði getað endað með ósköpum.

stigur@frettabladid.is

# Og enn sitja þau



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Þjóðfélagsástandið

Íslensk stjórnvöld virðast ekki treysta sér til þess að lögsækja bresku stjórnina eftir beitingu hryðjuverkalaganna gagnvart íslensku bönkunum. Málið er þæft. Það er hummað. Það er bent. Í austur og vestur… Nei, hinir eiga að gera það, nei, þetta er ekki í mínum verkahring…

Ó svo kunnuglegt! Vífilengjur og hik. Afdráttarlausar yfirlýsingar sem enginn hugur fylgir máli. Þvermóðskuleg afneitun á því augljósa. Meðferð upplýsinga sem markast algerlega af einkahagsmunum þess sem býr yfir þeim. Djúpstæð pólitísk kreppa.

Sjálfur Kreppir Seiðkarl, Davíð Oddsson, segist vita hvers vegna Gordon Brown skellti hryðjuverkalögum á Íslendinga og réðst inn í Kaupþing – en hann ætlar ekki segja frá því fyrr en það hentar honum, ekki okkur, þjóðinni hans sem svo margt hefur gefið honum. Aðstoðarmaður Davíðs, sem nú situr í forsætisráðherrastól, svarar með vífilengjum og axlayppingum. En í huga ringlaðra þegna þessa volaða lands tekur að uppteiknast ákveðið mynstur: Íslensk stjórnvöld ætla ekki að lögsækja; Davíð segist vita eitthvað óþægilegt sem firri hann sök eftir Kastljósblaðrið; Gordon Brown nefnir háar fjárhæðir sem streymt hafi úr breskum útibúum íslensku bankanna til Íslands sem höfuðástæðu hinna harkalegu aðgerða en íslenskir ráðamenn svara – hvernig? – jú einmitt, með vífilengjum og axlayppingum.

Eitthvað gerðist. En við fáum ekki að vita hvað fyrr en árið 5308 vegna þess að upplýsingar eru hér á landi vopn í valdasukki. Við vitum ósköp fátt annað en hið augljósa: Svindlararnir svindluðu. Þeir störfuðu enda á reglugerðaberangri reiðarekssstefnunnar sem Davíð og aðstoðarmaðurinn innleiddu hér – höguðu sér eins og siðlausir frekjudallar við fagnaðarlæti stjórnvalda sem létu meðal annars skólastjóra HR gera fræga skýrslu um eðli Íslendinga þar sem villingunum var hreinlega hrósað fyrir „agaleysi“. Fjárhæðirnar erum við löngu hætt að skynja. Fimm hundruð milljarðar. Trillhundruð skrilljarðar. Skrilljón grilljón þrilljarðar. Þetta var víst ekki einu sinni til – þannig lagað. Eina tölu skulum við samt muna: Tvöhundruð milljónir punda. Það var upphæðin sem Íslendingar neituðu að reiða fram og hefði orðið til þess að Icesave-reikningarnir – íslenska ráðdeildin – hefðu farið undir ábyrgð Breta. Það stóð sem sé aldrei til að borga neitt. Fyrir vikið þurfum við að borga allt.Og enn sitja þau sem lögðu á þessi snilldarlegu ráð. Og enn leggja þau á ný þjóðráð sem kannski verður sagt frá árið 3085.

### Algerlega ósnortnir

Ég get ekki að því gert: ég dáist stundum að Geir Haarde og Árna Mathiesen og Jónasi Fr. Jónssyni yfirmanni Fjármálaeftirlitsleysisins, þegar þeir eru í fjölmiðlum að benda í austur og benda í vestur, benda á þann stað sem á svari er frestur (ég dáist ekki jafn mikið að ráðherrum Samfylkingarinnar – er of gáttaður á þeim…) En maður sem sé hreinlega dáist að því hversu algerlega ósnortnir þessir menn virðast af kröfum um að þeir taki á sig ábyrgð sem fylgir vegsemd þeirra; hversu fyrirmunað þeim er að skilja hefðbundnar vestrænar lýðræðishugmyndir um ábyrgð – skilja að fólk vill hreint borð, hreint kerfi, hreina stjórn og að ef ráðamenn létu bara svo lítið að stíga niður af hátignarstallinum – og mega m.a.s. segja alveg fá eftirlaun (að vísu bara eins og venjulegt fólk en ekki eftir ósómanum) – að ef þeir hefðu bara manndóm í sér til afsagnar og ábyrgðar þá erum við örugglega tilbúin að leggja mikið á okkur öll til að endurreisa þjóðfélag og orðspor þjóðarinnar. Því hér býr frábært fólk en ekki gráðugt pakk og það er hægt að fylkja okkur saman – en bara ekki núverandi ráðamenn.

### Þjóðarvilji-póðarvilji…

Sem sitja samt enn.

Ríkisstjórnin hefur ekki umboð þjóðarinnar en virðist hundsama. Raunverulegt alþingi hefur ekki starfað hér á landi síðan einhvern tímann fyrir Krist. Getur hugsast að skeytingarleysi ráðamanna um vilja þjóðarinnar („Þjóðviljinn ha ha ha“) sé vegna þess að þeir hafi í raun og veru aldrei þurft að sækja til okkar raunverulegt umboð? Við mættum á kjörstað. Á fjögurra ára fresti settum við okkar x – en hvar svo sem við merktum vorum við að leggja blessun okkar yfir völd Davíðs Oddssonar, umsvif Finns Ingólfssonar, ranglæti kvótakerfisins, eyðingarstefnu Landsvirkjunar, viðskiptalega blóðskömm bankavillinganna, blygðunarlausa hyglunarhyggju skólabræðranna, yfirdrottnun verktakanna – yfir klæki og brask, svik og spillingu; með atkvæði okkar vorum við að leggja blessun okkar óafvitandi yfir það fyrirkomulag sem leiddi hrun og smán yfir þessa frábæru þjóð. Eins og Bítlarnir sögðu: Boy, you're gonna carry that Weight…

Og enn sitja þau.

# Forgangsröð fjárlaganna

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

fjárlögin



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Efnahagsþrengingarnar hafa nú skilað sér í endurskoðuðum fjárlögum fyrir árið 2009. Fjárlögin þurfa engum að koma á óvart eftir það sem á undan er gengið — ríkisstjórnin hefur nú leitt Ísland inn í áætlun hjá hinum alræmda Alþjóðagjaldeyrissjóði og fallist á að borga alla Icesave-reikingana. Í hamaganginum við að beygja sig fyrir öllum alþjóðastofnunum virðast stjórnvöld hafa gleymt málsókn sinni á Breta vegna beitingar hryðjuverkalaganna. Klukkan tifar og breski lögmaðurinn er farinn að senda Geir og Ingibjörgu sms: Ég er hér, hvar eruð þið?

Í framhaldi af þessari dapurlegu atburðarás með þeim rökum að við séum úti í horni og getum enga björg okkur veitt koma fjárlögin. Og þau eru lifandi vitnisburður um efnahagsráðgjöf AGS. Ríkissjóður er vissulega orðinn afar skuldsettur en stefnt er að því að borga skuldirnar sem fyrst enda hugsar AGS fyrst og fremst um hagsmuni fjármagnseigenda en ekki venjulegs fólks.

Því þarf að skera niður og það bitnar að sjálfsögðu á almenningi. Framlög til heilbrigðisráðuneytisins eru skorin um tæpa 7 milljarða, þar af fara tveir milljarðar úr rekstri Landspítalans. Í menntamálaráðuneytinu er skorið niður um 4,3 milljarða, þar af fer einn milljarður úr rekstri Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem mætti ætla að væri mikilvægari núna en nokkru sinni. Og 650 milljóna króna rannsóknaframlagi til HÍ er skotið á frest og þar með tækifærinu til að efla rannsóknir og skapa þannig bæði störf og þekkingu.

Meira að segja lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sem flestir geta verið sammála um að sinnir mikilvægum störfum undir miklu álagi og hefur verið undirmönnuð þarf að spara tæpar hundrað milljónir sem er þriðjungur af því sem á að spara í æðstu yfirstjórn landsins. Ef ráðherrarnir tólf sem hver og einn ræður yfir heilu ráðuneyti embættismanna skæru niður hina pólitísku aðstoðarmenn sína tólf hrykki það líklega til fyrir sparnaðinum hjá lögreglunni – en fjárlögin endurspegla forgangsröðun stjórnvalda og þar hefst allur sparnaður á botninum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**SÆNGUR** og kodda er skemmtilegt að viðra vel eða hreinlega skella í þvottavélina fyrir jólin. Ef rúmfötin fara í vélina er ágætt að þurrka þau í þurrkara á eftir til að fá aftur fyllingu í þau.




Púl er kúl
kúlu fyrir kúlu verður byrjandinn að meistara



Hágæða 6 vasa
púlborð á einstöku verði
www.billiard.is
Suðurlandsbraut 10 Reykjavík
Sími 568 3920 & 897 1715



Íslenskt barnaefni á DVD
Fæst í öllum betri verslunum




Óvitar - leikrit eftir Guðrúnu Helgadóttur

Í Óvitum er allt á hvolfi . Þar minnkar maður með aldrinum, fullorðnir leika börn og börnin leika þá fullorðnu.

Uppsetning Leikfélags Akureyrar á Óvitum naut ómældra vinsælda og kætti unga sem aldna. Sýningin hlaut afbragðsdóma og gekk fyrir troðfullu húsi. Nú er loks hægt að njóta þessarar frábæru sýningar aftur og aftur á mynddiski.

Móðurfélagið ehf.
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.



Matvinnsluvél
MCM21B1, 450 W.
Jólaverð: 19.900 kr. stgr.



Töfrasproti
MSM62PE, 750 W.
Jólaverð: 12.900 kr. stgr.

ATARNA

fyrir Jólin

Sjáið jólatilboðin á
www.sminor.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




Bræðurnir Pétur Andreas, sem er landsliðsmaður í íshokkí, Styrmir Steinn og Markús Darri með föður sínum Kristjáni Maack á íshokkívellinum heima, sem jafnan er nýttur frá fótaferð til háttatíma þegar tækifæri gefast í kaldri veðráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íshokkívöllur í garðinum

**Í bakgarði einbýlishúss í Kópavogi er að finna eina íshokkívöll landsins við heimahús. Þar ríkir mikil leikgleði og fjör, og sjaldan færri en sex menn að leik með kylfu og pökk á vellinum þegar frystir.**

„Mér datt þetta í hug af einskærri ævintýraþrá, enda ekki flókið; bara vatn og frost,“ segir ljósmyndarinn Kristján Maack um 50 fermetra íshokkívöll sem hann útbýr þegar frystir úti í bakgarðinum heima.

„Ég á þrjá stráka sem allir hafa ástríðu fyrir íshokkí og æfa af kappi með Skautafélagi Reykjavíkur. Sá elsti hóf æfingar fyrir áratug og hefur síðan smitað alla fjölskylduna, en til að byrja með kunni ég ekkert á skauta,“ segir Kristján sem nú stendur vaktina sem aðstoðarmaður á svelli litlu strákanna í Skautafélaginu, ásamt því að fara stundum utan í keppnisferðir með elsta syninum, sem spilað hefur með landsliði Íslands í mörg ár. „Þeir yngstu fylgja nú bróður sínum fast á eftir í færni, en til að verða góður þarf maður að hafa góðan aðgang að svelli,“ segir Kristján sem eyddi löngum stundum í ferðir með drengina að frosinni Tjörn og Rauðavatni fyrir tíma heimavallarins.

„Það lá því beinast við að koma sér upp heimasvelli, en slíkt er algengt í Kanada og Finnlandi þar sem frost er stöðugt á vetrum. Hér er veðurfar rysjóttra og svellgerð háð frostatíð,“ segir Kristján sem kemur upp góðu svelli á tveimur til þremur sólarhringum.

„Þá legg ég byggingarplast á jörðina og fer út að vökva á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn. Við höfum svo þróað með okkur tækni til að halda svellinu sléttu og byggja upp aftur ef koma í það skemmdir sem við steypum upp í með snjó og bleytu,“ segir Kristján um flóðlýstan völlinn sem oft er mannmargt á. „Þetta er vinsæll viðkomustaður í hverfinu og einir fimm strákar sem farnir eru að æfa íshokkí eftir stundirnar hér. Það er mikill hraði í þessu sporti og spennandi að klæða sig í búning og tuskast aðeins með kylfu og pökk. Svo hafa vinir elsta stráksins í meistaraflokki, allt fullorðnir menn, komið hingað með skautana til að prófa. Þetta er enda þægilegt; gott að fara inn að hlýja sér og borða á milli leikja.“

*thordis@frettabladid.is*




ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

# JÓLIN KOMA



**JAKKAFÖTIN** er ágætt að draga fram tímanlega fyrir jólin og skoða vel með tilliti til þess hvort þarf að hreinsa þau. Ekki er gott að uppgötva það á síðustu stundu.




Gott úrval af fóðruðum leðurstígvélum fyrir dömur.
Stærðir: 36 - 40
**Verð frá 16.750.- til 21.650.**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
**lokað á sunnudögum**
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20



**ALLT NÁM**

Alla þriðjudaga




Mikinn jafning, namm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Forskot tekið á jólasæluna.

# Dýrmætt að halda í hefðir

**Háteigsskóli lætur ekki kreppuna hafa áhrif á þá hefð að bjóða foreldrum nemenda í hangikjötsveislu með börnum sínum á aðventunni. Veislan stendur í þrjá daga enda um átta hundruð manns sem mæta.**

„Þó hart sé í ári og allar stofnanir hvattar til að skera niður útgjöld þá breytum við ekki þeim vana okkar að bjóða foreldrum í hangikjöt fyrir jólin. Okkur fannst svo veigamikið að halda í þessa hefð að efna til samveru og gleðjast,“ segir Hulda Guðjónsdóttir, fulltrúi skólastjóra Háteigsskóla. Hún segir þennan sið hafa verið tekinn upp í desember árið 2000 svo þetta sé níunda árið í röð sem hann sé við lýði.

Þótt raðirnar að kjötkötlunum nái yfir allt stóra holið í Háteigsskóla og upp á skólastofugang þá gengur afgreiðslan ótrúlega fljótt fyrir sig og innan stundar eru allir sestir við rauðdúkuð borð og farnir að gæða sér á hangikjöti og kartöflum, uppstúfi, grænum baunum og rauðkáli.

Borðsalurinn er tvísetinn í tvo daga meðan á veislunni stendur en þriðja daginn kemst unglingadeildin að í einu lagi með sínum foreldrum. „Hangikjötsveislan er mjög vel sótt. Í fyrra voru þetta eitthvað um 800 skammtar sem afgreiddir voru. Við erum með um 380 nemendur og umsjónarkennararnir borða yfirleitt með nemendum sínum í sal. En þar fyrir utan eru að minnsta kosti á fjórða hundrað gesta sem koma. Þó tekur borðhaldið ekki meiri tíma en svo að ég held að enginn hafi tafist verulega frá vinnunni sinni. Þetta er mjög skemmtilegt.“

Nóg er að gera hjá Huldu eins og öðru skólafólki þessa dagana. Fyrir utan próf var Háteigur, nýjasta fréttablað skólans að koma út í ellefta skipti þetta árið og er hægt að skoða það á heimasíðu skólans www.hateigsskoli.is

*gun@frettabladid.is*


**Velbon**
The Tripod Innovators



Velbon þrífætur
mikið úrval

Myndavélaviðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

FOTO VAL

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



*Góðar jólagjafahugmyndir*

Mikið úrval af handtöskum, skjalatöskum, dömuveskjum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum að ógleymdu hinu landsfræga úrvali af dömu- og herrahönskum.
***Líttu við í verslun okkar eða skoðaðu vöruúrvalið á www.th.is.***



Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



**ALLT**



512 5447
auglýsingasími



**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**





Þessi ábúðarmikli kertaberi kemur frá Þýskalandi og er frá því um 1980. Nú er litla stúlkan með rauðu skotthúfuna til húsa í Fríðu frænku.



Ýmsir munir úr tré eru einkennandi fyrir jólaskreytingar fyrri tíma og voru karakterarnir ekki endilega svipfagrir. Þessar stríðnislegu jólamýslur fást í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg.



Margir kannast við þennan jólasvein en hann hefur átt sinn sess á mörgum íslenskum heimilum þar sem hann ber sitt litla hátíðarljós. Fæst í Antíkhúsinu.

# Jólaskraut frá fyrri tíð

**Jólaskreytingar fyrri tíma voru margar hverjar heimagerðar og töluverð handavinna lögð í þær. Einnig voru fígúrurnar sumar stríðnislegar og ekki fegurðin ein sem skipti máli.**

Hér gefur að líta nokkra skemmtilega jólamuni frá fyrri tíð en þeir fengust í versluninni Fríðu frænku og í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg þar sem fortíðin er í algleymingi. Eflaust kannast sumir við eitthvað af því sem hér ber fyrir augu og hver veit nema skemmtileg minningabrot komi upp í hugann.

*hrefna@frettabladid.is*



Snjóþungur smíðajárnslampi frá Fríðu frænku, smíðaður hér á landi um 1940.


Persónuleg jólagjöf



myndadagatal með myndunum þínum

Borðdagatal 2.900kr.
Veggdagatal 3.900kr.

myndval

Þönglabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is www.myndval.is






VORU JESÚS & MARÍA MAGDALENA HJÓN?

Örnámskeið í Súfistanum, Iðu, Lækjargötu mánudaginn 15. desember klukkan 20.






- Hver var María Magdalena?
- Hvert var hlutverk hennar?
- Hvernig var samband hennar við Jesú Krist?

Þórhallur Heimisson veltir upp róttækum spurningum og býður þátttakendum í spennandi ferðalag aftur í aldir. Einstakt tækifæri til að kynnast einni merkustu konu sögunnar.

★★★½

„... mikill fengur að þessari bók Þórhalls Heimissonar."
JÓN Þ. ÞÓR, DV

Salka/GBÓ

www.Salka.is Salka
Salka – Skipholt 50 c

**JÓLAMARKAÐURINN** á Elliðavatni er helgaður handverki, hönnun og nytjalist í miklu úrvali og verða hönnuðir og handverksfólk á staðnum til að kynna verk sín og vörur. Nánari upplýsingar á www.heidmork.is.



Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir

Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



**Sölustaðir:**
Húsasmiðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. **Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

ALLT MATUR
Alla föstudaga

# Borvél eiginlega nauðsyn

**Handlagnir þurfa að eiga fjölbreytt verkfæri til starfans, hvort sem er fyrir umbætur innanhúss eða utan. Í versluninni Brynju kennir ýmissa grasa og nú fyrir jól eru tilboð á rafmagnsverkfærum.**

Þegar ráðast skal í verkin stór og smá á heimilinu er gott að eiga réttu verkfærin. Hvort sem um er að ræða viðgerðir, endurbætur eða nytjalist þá lukkast verkið mun betur með góðum verkfærum. En hvað er það helsta sem handlagnir þurfa að eiga?

„Borvél þarf helst að vera til á öllum heimilum og gott er þá að eiga borvél með höggi þannig að hægt sé að bora í stein. Sumir eiga þá tvær borvélar, eina til þess að vinna með skrúfur og aðra til að bora í stein," segir Haldor G. Haldorsen, verslunar- og sölustjóri verslunarinnar Brynju og bætir við: „Svo þarf að vera til hamar, sög og skrúfjárn af algengustu gerð. Gott er að eiga töng og sexkanta, hallamál, járnsög og tommustokk eða málband."

Fyrir þá sem eiga garða er gott að eiga skóflur, sláttuvél, klórur og fleira en það fer að vísu eftir garðinum. Haldor segir þó að fyrir jól séu rafmagnsverkfærin oft vinsæl sem og útskurðarjárn. „Þau eru til í settum og lausu og erum við með mikið úrval. Síðan erum við með rennijárn og ýmis handverkfæri sem auðvelda vinnu við listir og frágang," segir Haldor áhugasamur og nefnir að í Brynju kenni ýmissa grasa. „Við erum til dæmis með vindhana og alls konar smíðajárn, arinsett, emeleraða vöru, baðvogir og meira að segja gamaldags koppa."



Að sögn Haldors Haldorsen fæst flestallt er viðkemur smíðum og lagfæringum í Brynju. Auk þess er þar ýmiss konar gjafavöru að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brynja hefur auk þess sérhæft sig í að eiga ýmsa hluti sem nýtast vel þegar gömul hús eru gerð upp. Má þar nefna hurðarhúna, slökkvara, útiljós og margt fleira. „Við segjum oft að best sé að byrja hér því ef þú finnur það ekki hérna þá er oft erfitt að finna það annars staðar," segir Haldor brosandi. Ljóst er því að um auðugan garð er að gresja þegar kemur að því að finna verkfæri og aðra nytjahluti fyrir þá handlögnu. *hrefna@frettabladid.is*



Tormek T3 hverfisteinn á 46.800 krónur.



Sett með útskurðarjárnum frá Stubai kostar 13.920 krónur, fullbrýnd og póleruð. Fjögur marmarabrýni saman kosta 5.400 krónur en tálguhnífur frá Frosts í Svíþjóð 1.295 krónur.



Íslensk hönnun og sérsmíði.

Smíðum sófa og hornsófa eftir máli.

Veljum íslenskt – okkar hagur! SI

GÁ 1975 HÚSGÖGN

Ármúla 19 • Sími: 553-9595 • www.gahusgogn.is • gahusgogn@gahusgogn.is

Getum bætt við okkur eignum á skrá

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala :: Lágmúla 7 :: 108 Reykjavík :: sími 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fasteignasali

fasteignir
15. DESEMBER 2008

Hefurðu kynnt þér kaup á búseturétti?



Með kaupum á búseturétti færðu það sem máli skiptir; heimili

Hafðu samband og kynntu þér málið!

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Sími: 520 5788 · Veffang: www.buseti.is



Húsinu fylgir fullbúinn bílskúr og hellulagt bílaplan með hitalögn.

# Fasteign með fínu útsýni

**Eignamiðlun hefur til sölu tveggja hæða parhús ásamt fullbúnum bílskúr að Viðarási 21 í Árbænum.**

Eignin er samtals 182,8 fermetrar. Neðri hæðin skiptist í flísalagða forstofu með náttúrustein á gólfi, því næst forstofu þaðan sem gengið er inn í flísalagðan bílskúr, fullbúinn með rafmagni og hita; geymslu sem er inn af bílskúr, tvö parketlögð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi, flísalagt þvottahús og litla geymslu undir stiga. Steyptur, parketlagður stigi er á milli hæða.

Efri hæð skiptist í parketlagðan gang með útgengi á timburlagða verönd, parketlagt hjónaherbergi, eldhús með náttúrustein á gólfi, parketlagða stofu og borðstofu sem mynda eina heild, útgengi á suð/austursvalir með góðu útsýni og flísalagt baðherbergi með náttúrusteini á gólfi.

Loft efri hæðar eru klædd með „öl“ og er innfelld lýsing í loftum. Húsið er steinað að utan. Bílaplan er hellulagt með hitalögn. Stutt er í helstu þjónustu; grunnskóli og leikskóli er í göngufæri.

Verð: 49,8 milljónir króna.



Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# HVATI

MÁNUDAGUR 15. DESEMBER 2008

NPC ICELAND

Special Olympics Ísland


*Íþróttasamband fatlaðra óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs og þakkar ómetanlegt samstarf og stuðning á liðnum árum.*



**Stærsti sigurinn er að vera með** • www.ifsport.is

## Nýárssundmót ÍF í Laugardal

Fyrsta sunnudag á nýju ári stendur Íþróttasamband fatlaðra að Nýárssundmóti fatlaðra barna og unglinga. Mótið er eitt af fyrstu stóru mótunum á nýju ári en aðalverðlaun mótsins eru Sjómannabikarinn eftirsótti. Sjómannabikarinn hlýtur sá sundmaður sem vinnur besta sundafrekið samkvæmt stiga- og forgjafarútreikningi. Sigmar Ólason, sjómaður á Reyðarfirði, gaf bikarinn til keppninnar í upphafi. Í tengslum við mótið hefur skapast sú hefð að bjóða heiðursgesti sem afhendir þátttakendum viðurkenningu og sigurvegaranum Sjómannabikarinn. Að þessu sinni fer mótið fram sunnudaginn 4. janúar 2009 í innilauginni í Laugardal þar sem án efa verður mikið um dýrðir.

## Samstarf við sérsambönd ÍSÍ

Íþróttasamband fatlaðra hefur það að markmiði að efla samstarf við sérsambönd ÍSÍ. Með nýrri stefnu um skóla án aðgreiningar og áherslu á að fötluð börn séu með sínum jafnöldrum er mikilvægt að komið sé til móts við þennan hóp hjá almennum íþróttafélögum. Mikilvægt er að skapa valkosti og gefa fötluðum börnum tækifæri á að velja greinar sem ekki eru í boði hjá aðildarfélögum ÍF. Auk samstarfs við sérsambönd ÍSÍ hefur verið þróað samstarf við erlenda aðila svo sem Challenge Aspen og Winter Park í Colorado vegna vetraríþrótta. Einnig samstarf við aðila í Noregi og Bretlandi vegna þróunarverkefna á sviði reiðmennsku og reiðþjálfunar fatlaðra.

## Stefnir á Vetrarólympíumót fatlaðra 2010

Erna Friðriksdóttir frá Egilsstöðum fer til æfinga í Winter Park, Colorado eftir áramót. Hún æfði þar ásamt landsliði Bandaríkjanna í nokkra mánuði árið 2007 og 2008 og tók þátt í mótum. Erna hefur sett sér það takmark að keppa á fleiri mótum árið 2009 og öðlast ef vel gengur þátttökurétt á Vetrarólympíumóti fatlaðra í Vancouver 2010. Erna kom á námskeið ÍF, VMÍ og Challenge Aspen í Hlíðarfjalli árið 2000 og prófaði þar skíðasleða fyrir hreyfihamlaða. Hún náði fljótt tökum á sleðanum, keypti eigin sleða og hóf æfingar fyrir austan með aðstoð föður síns.

### HLUTVERK ÍF

- Að hafa yfirumsjón með þeim íþróttagreinum sem fatlaðir stunda á Íslandi.
- Að annast útbreiðslu- og fræðslustarf varðandi íþróttir fatlaðra.
- Að vera fulltrúi Íslands varðandi erlend samskipti er tengjast íþróttamálum fatlaðra.
- Að gæta hagsmuna allra þeirra fötlunarhópa sem eru innan ÍF en þeir eru: Þroskaheftir, hreyfihamlaðir, sjónskertir, blindir og heyrnarlausir/skertir.



Lokaathöfn Ólympíumóts fatlaðra var tilkomumikil og einhver sú stærsta og veglegasta í sögu íþróttafólks með fötlun. MYND/ÚR SAFNI ÍF

# Óbreytt starfsemi mikilvæg

*Ágæti lesandi,*



Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF

Íþróttasamband fatlaðra hefur gefið út tímaritið Hvata síðastliðin 18 ár og er hlutverk blaðsins, sem venjulega er gefið út tvisvar á ári en kemur út að þessu sinni í styttri útgáfu og er nú dreift með Fréttablaðinu, að segja frá og kynna starfsemi sambandsins.

Þegar litið er til þjóðfélagsaðstæðna og þeirrar brekku sem er fram undan í íslensku þjóðfélagi, þá þótti stjórn Íþróttasambands fatlaðra ekki við hæfi að leita til einstaklinga og fyrirtækja með beiðni um styrktarlínur og auglýsingar eins og venjulega til kostunar útgáfu blaðsins, nógu erfitt væri ástandið. Stjórn ÍF tók því þá ákvörðun að ekki væri við hæfi að gefa blaðið út á jafn veglegan hátt og verið hefur, en á móti kemur að með þessu móti fær blaðið meiri dreifingu og var því ákveðið að nota tækifærið til kynningar á starfi Íþróttasambands fatlaðra, þó sá viðburður er hæst bar á árinu þ.e. Ólympíumót fatlaðra í Peking, fái mesta plássið. Það er því von okkar að lesendur fái smá innsýn í starf sambandsins og hversu víðtækt það er.

Íþróttasamband fatlaðra, ÍF, var stofnað 17. maí 1979 og er eitt sérsambanda ÍSÍ. Öll félög innan ÍSÍ er iðka, æfa og keppa í íþróttum fatlaðra eru aðilar að ÍF.

Skrifstofa ÍF er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Sérstaða ÍF miðað við önnur sérsambönd er sú, að ÍF hefur ekki aðeins með eina ákveðna íþróttagrein að gera. Íslandsmót ÍF eru haldin í boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsum íþróttum, lyftingum og sundi. Auk þess fara fram æfingar og eða keppni í fleiri greinum t.d. fimleikum, golfi, keilu, knattspyrnu og vetraríþróttum.

Fatlaðir einstaklingar á öllum aldri æfa í dag hefðbundnar íþróttagreinar bæði innan íþróttafélaga fatlaðra og einnig með almennum íþróttafélögum. Auk Íslandsmóta á vegum Íþróttasambands fatlaðra eru haldin ýmis íþróttamót á vegum félaganna, innanfélagsmót og opin mót.

Mikilvægi íþrótta þarf ekki að útskýra fyrir neinum en þó má með sanni segja að í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu séu íþróttir mikilvægari en nokkurn tíma fyrr. Á það ekki síst við um fatlaða einstaklinga sem oft eiga ekki jafna möguleika á að stunda önnur áhugaefni. Æfingarnar eru mikilvægur þáttur í lífi margra fatlaðra einstaklinga sem margir hverjir eiga erfitt með að breyta út af vananum. Því er það einkar mikilvægt að hægt sé að halda starfseminni óbreyttri.

Í september síðastliðnum fór fram Ólympíumót fatlaðra í Peking í Kína. Má með sanni segja að þetta mót hafi verið tilkomumesta mót sem fatlað íþróttafólk hefur tekið þátt í fram til þessa. Það er almennt viðurkennt af þjóðum heims að fatlaðir eiga ekki síður rétt á að keppa í íþróttum en ófatlaðir. Fatlaðir Íslendingar hafa tekið þátt í alþjóðamótum frá upphafi íþróttastarfs fyrir fatlaða á Íslandi og gengið vel. Má þar að mestu þakka að búið hefur verið að undirbúningi og æfingum af sömu festu hjá fötluðum sem ófötluðum frá byrjun og einnig að Íslendingar hafa átt einstaka afreksmenn og konur innan sinna vébanda. Frammistaða Íslendinga hefur verið slík að eftirtekt hefur hlotið og er landið vel þekkt fyrir fatlaða afreksíþróttamenn.

Árið 2009 fagnar Íþróttasamband fatlaðra 30 ára afmæli sínu og verður starfinu af því tilefni meira beint að innanlandsverkefnum. Íslandsmót í hinum ýmsu greinum verða haldin eins og venjulega og margt annað verður á döfinni. Útgáfa ýmissa bæklinga og upplýsingarita er mikilvæg í útbreiðslustarfi sambandsins. Eins hafa sumarbúðir á Laugarvatni sem hafa undanfarin ár fengið veglegan styrk úr Pokasjóði verið mikilvægar fjölfötluðum einstaklingum sem margir hverjir hafa þetta eina tækifæri til að stunda íþróttir og útiveru. Annað atriði er að gefa mismunandi fötluðum börnum og unglingum tækifæri á vettvangi Norðurlandanna en þátttaka í norrænum barna- og unglingamótum hefur oft verið hvati fyrir börn víðs vegar af landinu og mörg þeirra hafa síðar meir orðið okkar mesta afreksfólk. Það má því með sanni segja að starfið sé fjölbreytt og skemmtilegt.

Það er von þeirra sem stuðla að íþróttum fyrir fatlaða að þessi útgáfa Hvata veiti landsmönnum innsýn í það helsta sem hefur verið á döfinni og hversu starfið er viðamikið.

Íþróttasamband fatlaðra færir öllu íþróttafólki, þjálfurum og öllum velunnurum sínum innilegar þakkir fyrir samstarfið og óskar þeim sem og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF.*

Samstarfsaðilar Íþróttasambands fatlaðra
RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
VISA
KAUPÞING
ICELANDAIR www.icelandair.net
ÖSSUR



Jón Oddur Halldórsson var sáttur við árangurinn í Kína enda hljóp hann á sínum besta tíma síðan á Ólympíumótinu í Aþenu 2004. Á innfelldu myndinni er sundkonan Sonja Sigurðardóttir. Hún keppti í 50 metra baksundi og synti þar á sínum besta tíma í tæp tvö ár.

# Frábær frammistaða á sterku móti

**Fjórða hvert ár er Ólympíuár og strax að loknum Ólympíuleikunum sjálfum tekur við Ólympíumót fatlaðra. Í ár fór ungur og óreyndur hópur íþróttamanna á vegum ÍF yfir hálfan hnöttinn til þess að spreyta sig í Peking.**

Ísland tefldi fram fimm íþróttamönnum á Ólympíumóti fatlaðra í Peking í september 2008. Fjórir þeirra voru að keppa á sínu fyrsta Ólympíumóti en reynsluboltinn í hópnum var spretthlauparinn Jón Oddur Halldórsson sem var að taka þátt í sínu öðru móti en hann vann til silfurverðlauna í 100 metra og 200 metra spretthlaupi á Ólympíumótinu í Aþenu 2004.

Sonja Sigurðardóttir, sundkona úr ÍFR, reið fyrst á vaðið 8. september þegar hún synti í 50 metra baksundi. Sonja synti á tímanum 57,90 sekúndur sem er hennar besti tími í tæp tvö ár. Sonja hafnaði í tíunda sæti í undanrásum af fjórtán keppendum og það dugði því ekki til þess að ná inn í úrslitin.

Næstur keppenda í röðinni var langstökkvarinn Baldur Ævar Baldursson sem keppir fyrir hönd Snerpu. Óhætt er að segja að Baldur hafi farið á kostum í Peking þegar hann jafnaði sitt eigið Íslandsmet, 5,42 metra, og skilaði kappinn af sér glæsilegri stökkseríu. Stökkserían Baldurs var: 5,42; 5,22; 5,39. Úrslit: 5,29; 5,31 en síðasta stökkið var ógilt. Vindurinn í besta stökki Baldurs var +0,1 en í keppninni var hann nokkuð breytilegur. Baldur hafnaði í sjöunda sæti af þréttán keppendum en keppt var sameiginlega í tveimur fötlunarflokkum, F 37 og F 38. Grenjandi rigning var í Fuglshreiðrinu í Peking þegar langstökkskeppnin hjá Baldri fór fram og aðstæður kunnuglegar fyrir Frónverja sem oft á frjálsíþróttamótum á Íslandi hafa mátt sætta sig við válynd veður. Heimsmet var sett í flokki Baldurs á mótinu í Peking (F37) en það gerði Kínverjinn Ma Yuxi þegar hann stökk 6,19 metra.

Tæpara mátti það vart standa hjá Eyþóri Þrastarsyni í 400 metra skriðsundinu en kappinn stórbætti sinn persónulega árangur í undanrásum og varð áttundi og síðastur inn í úrslitasundið sem fram fór síðar um daginn 11. september. Eyþór lauk sundinu í undanrásum á 5:11,54 mínútum. Í úrslitasundinu kom Eyþór í mark á tímanum 5:15,63 mínútum en bæting hans í undanrásum var persónulegt met en Eyþór synti á um 13 sekúndum undir sínum besta tíma. Eyþór hefur þegar sagt að hann ætli sér inn á Ólympíumót fatlaðra árið 2012 en þá fer mótið fram í Bretlandi.

Eyþór var eini íslenski keppandinn sem keppti í tveimur greinum í Peking en hann varð áttundi í 400 metra skriðsundi og keppti einnig í 100 metra baksundi. Þar komst Eyþór ekki í úrslit en synti á tímanum 1:20,12 mínútur sem var glæsileg bæting því lágmark Eyþórs inn á mótið var 1:25,90 mínútur.

Óhætt er að segja að 100 metra hlaupið í flokki T35 á Ólympíumótinu í Peking verði hátt skrifað í sögubókunum þar sem fjórir fyrstu hlaupararnir hlupu undir ríkjandi heimsmeti. Jón Oddur hafnaði í fimmta sæti hlaupsins og kom í mark á tímanum 13,40 sekúndur sem er hans besti árangur á þessu ári og næstbesti árangur hans á ferlinum. Kínverjinn Sen Yang bætti heimsmetið til muna þegar hann hljóp á tímanum 12,29 sekúndur en heimsmetið var 12,98 og var sett í Assen í Hollandi árið 2006.

Lyftingamaðurinn Þorsteinn Magnús Sölvason hafnaði í tólfta sæti í bekkpressu í Peking í -75 kíló flokki. Þorsteinn lyfti 115 kílóum í fyrstu lyftu en næstu tvær lyftur hjá kappanum voru ógildar. Heimamaðurinn Liu Lei vann yfirburðasigur í flokknum þegar hann lyfti 225 kílóum við mikinn fögnuð áhorfenda. Þorsteinn fékk tvær lyftur sem voru 125 kíló dæmdar ógildar. Fyrri tilraunin fór upp en dómarar sáu eitthvað athugavert og þá vildi þriðja tilraun ekki upp. Þorsteinn sagði eftir mót að keppnin hefði verið honum gríðarlega mikil reynsla og að hann ætlaði sér að komast inn á Ólympíumótið 2012.

Íþróttasamband fatlaðra vill koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólks íslenska sendiráðsins í Peking og öðrum þeim sem liðsinntu sambandinu í þessu gríðarstóra verkefni.

Með frammistöðu sinni á Ólympíumótinu í Peking sýndu fatlaðir íslenskir íþróttamenn enn og aftur hvers þeir eru megnugir. Til hamingju keppendur, til hamingju Ísland!



Baldur Ævar Baldursson frá Snerpu fór á kostum í langstökkinu og jafnaði sitt eigið Íslandsmet. MYND/ÚR SAFNI ÍF



Eyþór Þrastarson, sundmaður frá ÍFR, stórbætti sig á Ólympíumótinu og ætlar sér stóra hluti í London 2012.



Þorsteinn Magnús Sölvason sagði mótið mikla upplifun og mikilvægt í reynslubankann.

## Panta má sjálfboðaliðakort ÍF

Íþróttasamband fatlaðra hefur látið prenta sérstök sjálfboðaliðakort sem aðildarfélög ÍF geta pantað og afhent við ákveðin tækifæri.



Íþróttahreyfingin hefur ávallt treyst á framlag sjálfboðaliða en eins og Íslendingar hafa lært er ekkert sjálfgefið og aðstæður geta breyst.

Afhending sjálfboðaliðakorts ÍF er ein leið til þess að sýna fram á að framlag sjálfboðaliða er metið að verðleikum í starfi íþróttahreyfingar fatlaðra á Íslandi.

## Í góðri trú

Rétt eins og síðustu Ólympíumótsár sendi ÍF frá sér styrktarbeiðnina „Í góðri trú“. Þar voru hin ýmsu fyrirtæki beðin um að styrkja íslensku keppendurna á Ólympíumótinu 2008. Óhætt er að segja að viðbrögðin við þessari styrkbeiðni ÍF hafi farið fram úr björtustu vonum. Íþróttasamband fatlaðra vill af þessu tilefni koma á framfæri innilegu þakklæti til þeirra sem lögðu verkefninu lið.

Þá vill ÍF einnig ítreka þakklæti sitt í garð samstarfs- og styrktaraðila sinna undanfarin ár, ykkar framlag er ómetanlegt.

## Sumarbúðir ÍF njóta góðs af Pokasjóði

Undanfarin ár hafa sumarbúðir ÍF á Laugarvatni notið góðs af styrkveitingum Pokasjóðs og árið 2008 var engin undantekning þar á. Sumarbúðir ÍF eru ætlaðar öllum einstaklingum með fötlun og hafa notið mikilla vinsælda. Að tilstuðlan Pokasjóðs hafa sumarbúðir ÍF eflst og dafnað með hverju árinu og framlag þeirra hefur rennt enn styrkari stoðum undir glæsta starfsemi sumarbúðanna á Laugarvatni.

## Norræna barna- og unglingamótið í sumar

Annað hvert ár er haldið til skiptis á Norðurlöndunum Norrænt barna- og unglingamót í íþróttum fatlaðra og í sumar fer mótið fram í Eskilstuna í Svíþjóð. Mótið er fyrir börn á aldrinum tólf til sextán ára þar sem ÍF leitast eftir tilnefningum íþróttamanna inn á mótið frá bæði aðildarfélögum sínum og víðar. Í ár mun ÍF leggja sérstaka áherslu á það að tilnefnd verði börn á aldrinum tólf til sextán ára sem glíma við hreyfihömlun en þessar sértæku tilnefningar eru liður í nýliðunarstarfi ÍF.

Til gamans má geta að flestallt fremsta íþróttafólk landsins úr röðum fatlaðra hefur stigið sín fyrstu spor á Norræna barna- og unglingamótinu og má þar til dæmis nefna þau Kristínu Rós Hákonardóttur, Hauk Gunnarsson, Geir Sverrisson, Ólaf Eiríksson og Jón Odd Halldórsson.

Radisson SAS
actavis hagur í heilsu
SJÓVÁ
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland
olís
MJÓLKURSAMSALAN
www.ifsport.is

# Special Olympics og ÍF

Special Olympics International (SOI) eru samtök stofnuð árið 1968 af Kennedy-fjölskyldunni. Markmið þeirra er að bjóða upp á íþróttatilboð fyrir þroskaheft fólk og aðra þá sem eiga við námserfiðleika að stríða.

Helstu verkefni á vegum samtakanna eru íþróttaviðburðir fyrir þroskahefta auk þess sem síaukin áhersla er lögð á samstarfsverkefni á sviði heilsuræktar, heilbrigðis- og menntamála. Alþjóðaskrifstofa samtakanna er í Washington en árið 1997 var sett á fót skrifstofa í Brussel sem starfar að málefnum Special Olympics í Evrópu. Aðildarlönd SOI í Evrópu eru 58 en alls eru aðildarlönd 200. Skráðir iðkendur hjá SOI eru 2,25 milljónir manna. Samtökin reka skrifstofur í Afríku, Asíu, Evrópu, Suður-Ameriku, Miðausturlöndum og Norður-Ameríku.

Íþróttasamband fatlaðra gerðist aðili að Special Olympics-samtökunum árið 1989. ÍF fékk undanþágu til að innleiða starfsemi Special Olympics í starfsemi Íþróttasambands fatlaðra en gerð er krafa um sjálfstæða skrifstofu,



Lokahátíð Alþjóðaleika Special Olympics 2007. MYND/ÚR SAFNI ÍF

fjárhag og starfsemi í hverju aðildarlandi. Gildistími samnings er eitt ár og árlega þarf að skila til SOI ítarlegri skýrslu um starfsemina. Standi ÍF ekki við sínar skuldbindingar áskilja samtökin sér rétt til að færa starfsemina frá ÍF.

Með aðild Íslands að Special Olympics-samtökunum hafa opnast ný tækifæri fyrir hinn almenna iðkanda og fjölmargir Íslendingar hafa tekið þátt í glæsilegum leikum samtakanna. Á leikum Special Olympics eiga allir jafna möguleika á verðlaunum og keppnisform er gjörólíkt því sem gerist á Ólympíumótum fatlaðra (Paralympics). Þar keppa aðeins þeir allra bestu eins og á hefðbundnum Ólympíuleikum.



Frá vinabæjarheimsókn íslenska hópsins á Alþjóðaleikum Special Olympics í Shanghaí 2007. MYND/ÚR SAFNI ÍF

# Íslenskur keppandi á alþjóðavetrarleikana

Íþróttasamband fatlaðra sem er umsjónaraðili Special Olympics á Íslandi sendir einn keppanda á alþjóðavetrarleika Special Olympics 2009 en leikarnir eru haldnir fjórða hvert ár.

Katrín Tryggvadóttir, sem æft hefur með með listhlaupadeild Skautafélagsins Bjarnarins, hefur verið valin til keppni í listhlaupi á skautum á leikunum sem fara fram 7.–13. febrúar næstkomandi.

Þjálfari Katrínar hefur verið Helga Olsen sem þjálfaði íslenska keppendur fyrir alþjóðaleikana í Japan 2005.

2.500 keppendur frá 113 löndum taka þátt í leikunum; 6.000 sjálfboðaliðar aðstoða við framkvæmd og 800 starfsmenn hafa umsjón með keppnisgreinum. Þúsundir aðstandenda, áhorfenda og fjölmiðlafólks víða að úr heiminum verða á leikunum.



Katrín Tryggvadóttir er á leið til Idaho í Bandaríkjunum. MYND/ÚR ÍF

**Útgefandi:** Íþróttasamband fatlaðra | **Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðinni Laugardal 104, Reykjavík **Vefsíða:** www.ifsport.is **Sími:** 514 4080 | **Ritstjóri:** Sveinn Áki Lúðvíksson | **Ábyrgðarmaður:** Sveinn Áki Lúðvíksson **Forsíða:** Íþróttasamband fatlaðra | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471.



Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, var heiðursgestur ÍF á Ólympíumótinu 2008. Hér er hún ásamt formanni ÍF og íslensku keppendunum í Peking. MYND/ÚR SAFNI ÍF

# Íþróttir fyrir alla - ert þú með?

**Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra:**

Kjörorðið íþróttir fyrir alla í raunverulegri merkingu á sér ekki ýkja langa sögu þegar litið er til þess hvenær farið var að vinna að skipulögðu íþróttastarfi fatlaðra hér á landi. Segja má að það hafi fyrst hafist árið 1972. Fyrstu íþróttafélög fatlaðra voru stofnuð hér á landi árið 1974 en á næstu árum bættust mörg ný félög í hópinn. Árið 1979 var Íþróttasamband fatlaðra stofnað sem er eitt margra sérsambanda innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Aðildarfélög Íþróttasambands fatlaðra eru nú 22 og starfa víðs vegar um landið sem sýnir að gróskan í íþróttastarfi fatlaðra er mikil.

Hæfileg hreyfing og þar með íþróttaiðkun er öllum holl þannig að kjörorðið íþróttir fyrir alla á svo sannarlega rétt á sér, enda stuðla íþróttir ekki aðeins að auknum líkamlegum styrk, heldur efla þær líka andlegan styrk, sjálfstraust og félagsþroska. Ég held raunar að íþróttaiðkun sé jafnvel mikilvægari fötluðum en ófötluðum því þær hafa reynst kjörin leið fyrir fólk með fötlun að finna og uppgötva ýmsa styrkleika sína. Þá eru íþróttir fyrir fatlaða oft mikilvægt framhald endurhæfingar hjá þeim sem fatlast hafa í kjölfar slysa eða annarra áfalla.

Íþróttir eru stórkostlegar þegar litið er til þess að allir sem taka þátt og leggja að sér uppskera árangur erfiðisins. Það sannaðist svo ekki verður um villst hjá þeim efnilegu íþróttamönnum sem tóku þátt í hinum stórkostlegu Ólympíuleikum fatlaðra í Peking í Kína nú í sumar. Það var mér mikill heiður og mikil upplifun að vera viðstödd leikana og sjá með eigin augum hvers íþróttafólkið okkar var megnugt. Það var út af fyrir sig afrek að öðlast þátttökurétt á leikunum, því hart er barist um þessi sæti og þau eru fá í samanburði við allan þann fjölda góðra íþróttamanna sem um þau keppa. Árangurinn á leikunum var jafnframt góður og það var stórkostlegt að fylgjast með íslensku keppendunum uppskera árangur þrotlausra æfinga og margra ára undirbúnings – að sigrast á hindrunum, bæta sig frá ári til árs, að sigrast á sjálfum sér og ná persónulegum árangri. Allt þetta geta íþróttir gefið íþróttafólki þegar það hefur kraft og kjark til að taka þátt, setja sér markmið og vinna að þeim.

Það gildir um allt íþróttafólk að til að ná góðum árangri skiptir miklu að hafa sterkan stuðning á bak við sig. Fatlaðir eiga sinn sterka bakhjarl í Íþróttasambandi fatlaðra, ásamt íþróttafélögum, þjálfurum, aðstandendum og fjölmörgum öðrum sem hafa veitt stuðning sinn og uppskorið að launum að sjá íþróttahreyfingu fatlaðra eflast og vaxa. Það er von mín og trú að áframhaldandi vöxtur verði í íþróttastarfi fatlaðra þannig að allir fatlaðir, sem löngun hafa, geti tekið þátt og notið alls þess góða sem íþróttir hafa upp á að bjóða.

# Sonja og Eyþór voru valin íþróttafólk ársins

Sundfólkið Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir úr ÍFR voru fyrr í desembermánuði útnefnd Íþróttamaður og Íþróttakona ÍF fyrir árið 2008. Við sama tilefni fékk Harpa Björnsdóttir afhentan Guðrúnarbikarinn fyrir gott starf í þágu fatlaðra íþróttamanna en Harpa er formaður Ívars á Ísafirði.

Bæði Eyþór og Sonja kepptu á Ólympíumóti fatlaðra í Peking og stóðu sig þar með miklum myndarbrag. Sonja synti á sínum besta tíma í tæp tvö ár og Eyþór stórbætti sig í 100 metra baksundi og 400 metra skriðsundi. Þá voru þau einnig dugleg á öðrum vettvangi og víða um heim unnu þau til fjölda verðlauna sem og hér innanlands. Bæði stefna þau Eyþór og Sonja á þátttöku á Ólympíumóti fatlaðra í London árið 2012.



Frá vinstri: Handhafi Guðrúnarbikarsins Harpa Björnsdóttir ásamt íþróttafólki ársins þeim Eyþóri og Sonju. MYND/ÚR SAFNI ÍF




# www.fasteignir.is

## Stærri og ítarlegri fasteignaleitarvefur

Fasteignir.is er nýr fasteignaleitarvefur þar sem skráðar eru allar fasteignir hjá félagsmönnum í Félagi fasteignasala.

Á nýja fasteignaleitarvefnum finnur þú að auki hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar vegna kaupa og sölu fasteigna á fjórum tungumálum auk íslensku og upplýsingar um þjónustu fagaðila vegna hvers kyns viðhalds, jafnt innan dyra sem utan.

Fasteignir.is - leitaðu lengra

FÉLAG FASTEIGNASALA

## HEILSA

### Heilsuvörur




Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is ~~Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.~~

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

NUDD NUDD NUDD. BARBARA 693 4684.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

### Snyrting




Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

**22.7kg af hágæða fóðri á aðeins 8.900.- (392kr pr kg) -**
**Járnbúr á frábæru verði - Bílagrind á tilboði. Gott úrval af leðurólum og taumum á góðu verði. Mikið af sérvöru fyrir hundinn þinn. Gerðu verðsamanburð.**
**Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattavörur. Háholti 13 Mosfellsbæ (hlið Krónunnar)**

**Regal hundafóður**
náttúruleg, aukaefnalaus innihaldsefni
7,5 kg 3.890
15 kg 6.850
Dýrabær Hlíðasmára 9 & Smáralind
www.regalpetfoods.com

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Hestamennska



Hlífar 130gr til 250gr kr. 4.950 Hestavörur á góðu verði Tito.is Súðarvogi 6 - S:511-1045 / 861-7388

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga. Upplýsingar á www.heimahagar.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

leiguíbúðir
Til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis www.leiguibudir.is

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Til leigu 84fm 2ja herb.íbúð í Hafnarfirði.Laus.Nýtt parket.Frábært útsýni.95þús+hiti/rafm/hússj.Uppl:664 6501

Týsgata. Lítil 2 herb. studio á 2 hæð. Rafm. hiti + þvottavél innifalið. S. 822 3062.

2-3 herb., 80 fm íbúð í 200 Kóp. V. 120 þ. S. 896 4661.

Til leigu herb. á gistiheimili í miðb. Gott fyrir stúdenta. Aðg. að öllu + inter. V. frá 39 þ. S. 896 4661.

3ja herb. íbúð Álftamýri á 2 hæð íbúðin er nýmáluð. verð kr. 100.000 á mán. Uppl. í síma 897 8061.

Stór 2ja herb. íbúð við Stóragerði verð kr. 98.000 á mánuði. Uppl. í síma 896 4013.

Stórglæsileg ný 3ja herb., íbúð í lyftuhúsi vestur í bæ. Stórkostlegt útsýni. Verð kr. 125.000 á mán. Uppl. í síma 895 8340.

Ný 2ja herb. íbúð við Helluvað með stæði í bílageymslu. Ísskápur og uppþvottavél fylgja íbúðinni. verð. kr. 98.000 á mán. Uppl. í síma 896 4013.

**Hús til leigu**
Til leigu 250 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán., eitthvað af húsg. getur fylgt, laust 1 des. Lítil íbúð í kjallara í útleigu. Uppl. í s 860 8810.

4 RENT Nýleg ósamþ. 90m2 íbúð í Garðabæ mjög opin. Verð 110þ. m hita. Uppl. í s. 892 7858.

Til leigu 4 herb. íbúð á góðum stað nálægt skóla og leikskólum. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 869 4993.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

Norðurbakki-Hafnarfjörður. Glæsileg 4 herb. íbúð með sjávarútsýni. Laus til langtímaleigu. 110fm auk geymslu og bílkjallara. Páll s. 696 4464.

**105 - Laust Strax**
Til leigu rúmgott herb. á góðum stað í bænum. Glæsileg sam. aðstæða, 2 baðherb. internet. Þrif á sameign innifalin í leigu. Uppl. í s. 863-3328/846-0408

107 RVK: Falleg 4herb, 97 fm ásamt bílskýli, s 8998264. 3 bedrooms and a living room.

Til leigu 96 fm2 4 herbergja íbúð í Smáranum í Kóp. frá 1.jan. 110 þús. S. 868 3683.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Atvinnuhúsnæði

**Handverksfólk**
Vantar þig aðstöðu fyrir t.d. útskurð eða önnur áhugamál í félagsskap við aðra. Uppl í síma: 8204928

### Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Bílageymsla og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Vélavörð vantar á beitningavélarbát.**
**Upplýsingar gefur skipstjóri í síma 842 2886, 852 2086 eða 861 7655.**

Bráðvantar mann til almennra sveitastarfa. Uppl. í síma 868 4245.

Vantar fólk ! Öll kennsla í boði. Sjálfstæður herbalife dreifingaraðilar. Sólrún Ósk S. 891 9883. www.betrileid.is & Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Upplýsingar í síma 004793612668

### Atvinna óskast

Rafvirki óskar eftir vinnu og á sama stað fæst svart leðursófasett á 18þ. S. 841 9684.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Símaþjónusta**
**Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**
**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Viltu ná betri árangri ? www.betrileid.is & www.heilsufrettir.is/fireface




## Þjónusta






## Þjónusta

Vantar þig hlýlega jólagjöf handa fjölskyldunni eða starfsfólkinu?

Þá er kínverska fótanuddið tilvalin gjöf!

Bjóðum einnig 20% afslátt af gjafakortum til 15. desember

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR




Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

## Tilkynningar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

### AUGLÝSING UM DEILISKIPULAGSBREYTINGU Í GARÐABÆ

**HNOÐRAHOLT OG VETRARMÝRI.**
Flettiskilti í Vetrarmýri við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilstaðavegar. Breyting deiliskipulags.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar skv 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Gert er ráð fyrir því að 8,5 metra hátt flettiskilti verði staðsett á fyllingu í suðvesturhorni Vetrarmýrar, norðan Vífilstaðavegar og austan Reykjanesbrautar. Skiltið er utan helgunarsvæðis þjóðvega. Skiltið kemur í staðinn fyrir flettiskilti sem nú er staðsett vestan Reykjanesbrautar og norðan Vífilstaðavegar.

Skipulagssvæði deiliskipulagsins minnkar samkvæmt tillögunni til samræmis við útfærslu á akreinum við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegar.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 15. desember til og með 26. janúar 2009. Tillagan er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 26. janúar 2009. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Auglýsingin er birt aftur vegna tæknilegra mistaka við birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaðinu.**

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

Umhverfis- og tæknisvið



Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

**WALT DISNEY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1966**

*„Ég hef elskað Mikka mús meira en nokkra konu. Það er ekkert fyndnara en mannlegt dýr og þegar fólk hlær að Mikka mús er það vegna þess að hann er svo mannlegur. Í því felst leyndardómurinn á bak við vinsældir hans.“*

***Walt Disney skapaði Mikka mús um borð í lest á leið heim frá vinnu. Í kjölfarið skapaði hann Mínu mús, Andrés önd, Guffa, Andrésínu, Plútó og fleiri ódauðlegar teiknimyndafígúrur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 15. DESEMBER 1982

## Spánn opnar landamæri Gíbraltar

Spænsk stjórnvöld enduropnuðu landamæri sín við Gíbraltar fyrir 26 árum.



Gíbraltar er 5,8 $km^2$ landsvæði við norðurhluta Gíbraltarsunds undir stjórn Bretlands í suðvesturhluta Evrópu, með landamæri til norðurs að Spáni. Á Gíbraltar er Gíbraltarhöfði sem myndar annan hluta af súlum Herkúlesar og tengir Norður-Atlantshaf við Miðjarðarhafið. Borgin er byggð á stöllum, allt frá sjávarmáli upp í 90 metra hæð á Gíbraltarhöfða, sem er 426 metra hár.

Gíbraltar hefur verið breskt yfirráðasvæði síðan 1704. Allt frá upphafi breskra yfirráða hefur kletturinn verið vel víggirtur og þar er herstöð konunglega breska sjóhersins, sem fylgist meðal annars með umferð um Njörvasund milli Atlantshafs og Miðjarðarhafs, en Gíbraltar er einnig hernaðarlega mikilvægur fyrir breska flugherinn. Gíbraltar hefur lengi valdið deilum milli Spánverja og Breta því Spánverjar hafa sóst eftir yfiráðum hans á ný. Árið 1967 voru Gíbraltarbúar beðnir um að ganga að kjörborði til að skera úr hvort þeir kysu spænsk yfirráð umfram bresk. Atkvæði fóru 12.138 mót 44 með áframhaldandi yfirráðum Breta. Tveimur árum seinna lokuðu Spánverjar landamærum sínum að Gíbraltar og opnuðu ekki aftur fyrr en 1982 að hluta, en að fullu árið 1985 þegar Spánn varð hluti af Evrópusambandinu.

### MERKISATBURÐIR

- **1888** Glímufélagið Ármann stofnað.
- **1953** Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri tekið í notkun.
- **1967** Bítlarnir gefa út jólalagið Christmas Time is Here Again.
- **1973** Samtök bandarískra sálfræðinga lýsa því yfir að samkynhneigð sé ekki geðsjúkdómur.
- **1979** Davíð Scheving Thorsteinsson kaupir bjór í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli og er meinað að hafa hann með sér.
- **1990** Rokkarinn Rod Stewart kvænist ofurfyrirsætunni Rachel Hunter.
- **1995** Playboy leyft aftur í hillum verslana á Írlandi eftir 36 ára sölubann.

### AFMÆLI



**HERBERT GUÐMUNDSSON** tónlistarmaður er 55 ára.



**KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR** leikkona er 38 ára.



*Okkar bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur mikinn hlýhug, vináttu og samúð við fráfall og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, dóttur, systur, tengdadóttur og systurdóttur,*

**Sigrúnar Magnúsdóttur**

Strandvegi 20, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahlynningar, dagdeildar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Guðlaugur R. Hilmarsson**
**Magnús Sigurðarson**
**Hilmar Guðlaugsson** **Lilja Dögg Valþórsdóttir**
**Magnús Geirsson** **Bryndís Magnúsdóttir**
**Geir Magnússon** **Áslaug Svavarsdóttir**
**Unnur Magnúsdóttir** **Daníel Helgason**
**Hilmar Guðlaugsson** **Jóna Steinsdóttir**
**Sigurbjörg Magnúsdóttir** **Kurt Nielsen**



*Okkar ástkæra*

**Elín Steinunn Árnadóttir**

Skeiðarvogi 149, Reykjavík,

síðast á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, sem lést 6. desember, verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 17. desember kl. 13.00.

**Magnús Jónasson** **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Guðrún Björk Jónasdóttir**
**Halldór Jónasson** **Sólrún Ó. Sigurðardóttir**
**Hallfríður Jónasdóttir** **Þórður Björnsson**
**Árdís Jónasdóttir** **Hjörtur Sandholt**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorfinnur Jóhannsson,**

bifreiðastjóri, Daggarvöllum 4b, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 6. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort Kvenfélags Hringsins Hafnarfirði sem fást í Lyf og Heilsu Firði.

**Ingibjörg Gígja Karlsdóttir**
**Karl Jóhann Valdimarsson** **Erla Þóra Óskarsdóttir**
**Jóhann Þorfinnsson** **Hafdís Erlingsdóttir**
**Anna Kristín Þorfinnsdóttir** **Rolf Inge Paulsen**
**Björn Þorfinnsson** **Þorgerður Hafsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

SAMFELLD LÆKNAVAKT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU: ÁTTATÍU ÁRA AFMÆLI

# Læknar stoltir af sínu starfi

„Mönnum varð fyrst ljóst upp úr 1918, þegar spænska veikin geisaði, að þörf væri á vaktþjónustu í Reykjavík. Þá varð mikið mannfall á stuttum tíma og vaktir settar á. En stundum var enginn á vakt og stundum allir, og þurftu menn að fara gangandi, hjólandi eða á eigin bíl í vitjanir, sem þótti óþolandi ástand. Því þrýstu læknar á samning við Sjúkrasamlagið um bíl og bílstjóra og árið 1928 var skrifað undir samning um læknavakt í Reykjavík. Þá bjuggu þar 25.000 manns og farið var í 500 vitjanir,“ segir Atli Árnason, lækningaframkvæmdastjóri Læknavaktarinnar sem um þessar mundir heldur upp á 80 ára afmæli læknavaktar á höfuðborgarsvæðinu, utan sjúkrahúsa.

„Fyrsti bílstjóri Læknavaktarinnar, frá árinu 1928 til 1940, var Gunnar Ólafsson, faðir Ólafs Gunnarssonar rithöfundar, sem fetaði í fótspor föður síns á árunum 1972 til 1978 og skrifar um starfið skemmtilega grein í nýjasta hefti Læknablaðsins. Hann var okkur mikil hjálp um söguleg smáatriði frá fyrstu árum læknavaktarinnar,“ segir Atli, sem ásamt starfsbræðrum sínum hefur tekið saman sögu 80 ára samfelldrar vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu vegna afmælisins.

Frá árinu 1943, þegar gerður var samningur milli Sjúkrasamlags Reykjavíkur og samlagslækna, hefur læknavaktin farið víða. Þá opnaði Læknavarðstofan í Austurbæjarskóla með lítilli móttöku fyrir minni háttar slys, og árið 1955 flutti vaktin á Heilsuverndarstöðina. Árið 1957 komu fyrst talstöðvar í læknavaktarbílinn, sem bætti mjög þjónustu og starfsumhverfi lækna.

„Allan tímann var greinileg þörf fyrir móttöku heimilislækna utan dagvinnutíma og á árunum 1973 til 1986 var þeim skylt að vera með móttöku síðdegis á göngudeild Landspítalans. Svo gerðist það árið 1986 að mikil hreyfing varð í heilbrigðiskerfinu; heimilislækningar urðu viðurkennd sérgrein og hópur sérfræðinga varð ekki lengur samlagslæknar. Þá reyndist erfitt að manna vaktir og Læknavaktin hnignaði um tíma,“ segir Atli, en árið 1986 gerðu Læknafélög Reykjavíkur og Íslands með sér samkomulag um að fagleg og viðurkennd skylda heimilislækna væri að sinna vaktþjónustu utan sjúkrahúsa.





**LÆKNAVAKT Í 80 ÁR** Atli Árnason lækningaframkvæmdastjóri tilbúinn að halda í vitjun á nýjasta læknavaktarbílnum, sem er af gerðinni Volvo XC90. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þá var tekið stórt faglegt þjónustustökk með samningi við Sjúkrasamlag Reykjavíkur, þegar vitjanir og virk móttaka, ásamt símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga opnaði á Heilsuverndarstöðinni. Þá var farið í 11.500 vitjanir og alls 7.300 manns komu á móttöku, en sama ár voru 40.000 nýkomur á slysadeildina. Nú hefur dæmið snúist við; aðsókn á læknavaktina í ár stefnir í 65.000 manns og 7.000 vitjanir, sem þýðir að Læknavaktin er orðin stærsta einstaka sjúklingamóttaka landsins í dag.“

Frá árinu 1998 hefur Læknavaktin verið með móttöku í Smáratorgi í Kópavogi þaðan sem hún þjónustar allt höfuðborgarsvæðið, en á daginn er húsnæðið meðal annars nýtt undir kennslu læknanema og klínísk próf í skurð- og lyflækningum.

„Við heimilislæknar rekum þetta sjálfir og höfum sameinast í faglegri og rekstrarlegri ábyrgð. Alls skipta 80 læknar vöktum á milli sín, sem gerir tvær til þrjár vaktir í mánuði. Við erum stoltir af okkar fyrirtæki, en teljum okkur enn eiga verk óunnið þegar kemur að aukinni móttöku og verkefnum. Við viljum sjá sjúklinga koma frekar til okkar en að trufla deildir bráðamóttöku sjúkrahúsanna að óþörfu, því allt sparar það heilbrigðiskerfinu stórfé,“ segir Atli sem enn fer í heimavitjanir.

„Auðvitað er aðstaða til þess að skoða fólk mun verri í heimahúsum, en vitjunum hefur fækkað mikið á síðustu árum. Nú förum við fyrst og fremst ef sjúklingur er alls ekki ferðafær og þegar um meiri háttar veikindi er að ræða. Læknastarfið er almennt krefjandi og fólk sem kemur á Læknavaktina er í allskyns uppnámi þannig að viðtöl, sem annars ættu að standa stutt, geta dregist mjög á langinn. Þegar fólk kemur niðurbrotið til læknis verður að vinna úr því eins og best verður á kosið. Þetta eru því margvísleg samskipti og margvíslegir hlutir sem koma upp á, en starfið er alltaf gefandi og til okkar koma mörg börn, sem alltaf er gaman að taka á móti.“

thordis@frettabladid.is

# Samkeppni um bókasafn

Arkitektur.is hafði vinninginn í samkeppni um stækkun Bókasafns Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær í samvinnu við Arkitektafélag Íslands stóð fyrir samkeppninni en tilkynnt var um vinningstillöguna á fimmtudag.

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Innra skipulag er gott, flæði er á milli nýbyggingar og núverandi húss og góð yfirsýn er um safnið. Dagsbirta er tekin inn í húsið á fjölbreyttan hátt og skapar birtuflæðið spennandi stemningu.“

Önnur verðlaun hlutu PK arkitektar ehf. og þriðju verðlaun VA arkitektar ehf.

Í dómnefnd voru Lúðvík Geirsson bæjarstjóri, Gísli Ó. Valdimarsson bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs, Almar Grímsson bæjarfulltrúi, Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt FAÍ og Hólmfríður Jónsdóttir arkitekt FAÍ.



**VINNINGSHAFAR** Haraldur Örn Jónsson arkitekt og Kristján Garðarsson arkitekt við vinningstillöguna.

Tillögurnar eru til sýnis í Byggðasafni Hafnarfjarðar, Pakkhúsinu við Vesturgötu.



**VINNINGSTILLAGAN** Tillögurnar eru til sýnis í Byggðasafni Hafnarfjarðar.



HARÐIR
JÓLAPAKKAR
ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI
ACER EXTENSA 5220Z-1A
1.73GHz Intel T1400 örgjörvi
2GB DDR2 667MHz minni
120GB SATA 5400rpm harður diskur
15.4" WideScreen skjár
384MB Intel GMA X3100 skjákort
97.950
640GB ICY BOX MP303
Frábær margmiðlunarspilari með stórum 640GB GreenPower WD hörðum diski, spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði.
Góð jólgjöf fyrir alla fjölskylduna
34.950
AMD TÖLVA 3
Athlon 64 5200+ örgjörvi
2GB Dual DDRII 800MHz minni
500GB SATA II WD harður diskur
512MB ATI Radeon R4670 skjákort
Vista Home Premium
109.950
LOGITECH PURE-FI E PLUS
Snildar græja fyrir alla iPod eigendur, vagga fyrir iPod/iPhone sem hleður, tengi fyrir aðra mp3 spilara, virkar á rafhlöðum eða í 220v, klukka með vekjara, frábær hljómur
21.950
640GB FLAKKARI
Icy Box hýsing úr áli með 640GB WD GreenPower hörðum diski. Geymdu allt efnið á einum stað allt klárt bara tengja kveikja og byrja
17.950
CASIO EXZ19 MYNDAVÉL
9.1 MegaPixla myndavél
2.6" skarpur LCD skjár
Hreyfimyndataka með hljóði
Tekur SD og SDHC minniskort
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
CASIO
26.950
SENNHEISER HD 201
Hágæða heyrnatól frá Sennheiser, létt og þægileg, lokuð og ná alveg utan um eyrun, frábær hljómur, löng snúra með 3.5,mm jack tengi, 6.3mm breytir fylgir
SENNHEISER
2.950
LOGIECH QUICKCAM E2500
Logitech QuickCam E2500 er lítil flott vefmyndavél sem passar á flesta skjái og fartölvur, með 640x480 pixla upplausn og innbyggðum hljóðnema, tengist í USB 2.0
Logitech
3.750
LOGITECH MX3200
Þráðlaust Logitech lyklaborð með multimedia flýtihnöppum og mjúkri armhvílu, þráðlausri Laser mús og USB 2.0 háhraða sendi
Logitech
12.950
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

















# Heppna kindin í fjárhúsinu



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Mikið er þessi kind heppin. Ég hefði sko alveg viljað vera hún.“ Heimasætan lét þessi orð falla þegar hún fylgdist með afa sínum koma handmáluðum fígúrum fyrir í kryppu.

Uppröðun fjölskyldunnar helgu er eitt af táknum þess að jólin séu á næsta leyti. Þegar vitringar þrír, smalastrákurinn sem fann jólastjörnuna, hin stolta móðir, Jósef og jesúbarnið voru komin inn var kindinni stillt út í horn. Jesúbarnið horfði á hana og þrátt fyrir yfirskilvitlega hæfileika sína hafði hann ekki hugmynd um hvernig líf hennar og hans yrðu á næstu misserum. Hann var krossfestur eftir þrjátíu ár en henni var slátrað nokkrum dögum seinna. Burtséð frá því. Þau lágu þarna saman og horfðu frammí stofu heimilisfólksins í vesturbænum, grunlaus um skelfileg örlög sín.



Afinn varð nánast kjaftstopp við þessa athugasemd stelpunnar. Aldrei fyrr hafði hann velt þessu fyrir sér. Vissulega hafði hann gluggað öðru hvoru í Lúkasarguðspjallið og lesið sér til um manntal Ágústusar keisara sem varð til þess að María og Jósef neyddust til að rífa sig upp frá heimili sínu á miðri meðgöngu. Þetta hefur ekki verið auðveld ferð, Jósef í hálfgerðri tilvistarkreppu yfir því að vera hugsanlega ekki faðir barnsins. Vegalengdin var ekkert grín; leiðin lá frá Nasaret til Betlehem og fararskjótinn var asni sem hefur verið önugur yfir því að þurfa að fara alla þessa leið með mömmuna tilvonandi á bakinu.

Afinn gat ekki stillt sig um að spyrja stelpuna af hverju kindin væri svona heppin. „Jú, kindin fékk að vera vitni að fæðingu frelsarans. Og ekki vill maður vera asninn,“ svaraði stúlkan að bragði. „Svo hefur örugglega líka verið miklu betra að vera kind í fjárhúsi frelsarans en Íslendingur.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




LÚR
BETRI HVÍLD
Opið alla sunnudaga fram að jólum
13:00-16:00
Við erum beint fyrir ofan Smáralindina
Kaupið gæði í gegn á frábæru jólatilboði
Passion VIP2
Passion Slide Back
Passion Box
Passion Continental
Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion
Rúmgaflar í miklu úrvali
Warlton II
Italiano
Náttborð
Heilsukoddar
Warlton I
Rinoa
Frábærir hvíldarstólar þrjár tegundir
hönnun: www.skissa.net
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS
Opnunartímar:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00
Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 síð sýn. | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | sýnd á lau. og sun. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10:20 | 16 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |
| BODY OF LIES | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CITY OF EMBER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 6 og 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |

# Merzedes Club var pönk

**Listamaðurinn Ceres 4 (Hlynur Áskelsson) hefur komið víða við. Pönkað á plötum og hnyklað vöðvana í Merzedes Club. Hann hóf listaferilinn á ljóðaplötunni Kaldastríðsljóðin árið 2000 og hefur nú gefið þau ljóð út á glæsilegri bók, sem Þorvaldur Jónsson og Davíð Hólm myndskreyta.**



**FÉKK BORGAÐ STÓRFÉ FYRIR AÐ SEGJA HÓ HÓ OG HARDCORE** Ljóðabók Ceres 4 er hugsjónaútgáfa sem fæst bara í betri Bónusbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta eru hörð, köld og kynþokkafull ljóð,“ segir Ceres 4. „Kaldastríðið var þungavigtartímabil í uppeldi okkar sem ólumst upp í því. Ljóðin skýra sig sjálf og ættu að vera hjartnæm upprifjun fyrir þá sem upplifðu tímabilið. Fyrir hina eru ljóðin sagnfræðileg heimild.“

Höfundur segir gamla ljóðadiskinn orðinn „költ“ og bókina sigla hraðbyri í sama „költ-status“. „Upplagið er lítið og það verða bara þeir heppnu sem ná sér í eintak. Bókin verður bara til í betri Bónus-búðum. Hún er seld á kostnaðarverði svo ég græði ekkert á henni. Þeir einu sem græða eru Bónus sem fær smásöluálagninguna og ríkissjóður sem fær vaskinn. Þetta er hugsjónaútgáfa.“

Ceres 4 segir ekki lokum fyrir það skotið að bankahrunið verði tekið fyrir í næstu ljóðabók. „Hver veit? Það þarf þó einhver tími að líða svo maður fái yfirsýn til að greina kjarnann frá hisminu. Síðustu misseri og komandi ár eru efni í rosalega eldfim listaverk. Þetta eru skemmtilegir tímar þótt fólk kvarti núna. Það verður gaman að líta til baka og sjá hvað stendur eftir þegar púðurrykið hefur sest.“

Ceresi finnst þetta viðtal gríðarlega djúpt miðað við viðtölin sem hann fór í vegna Merzedes Club. „Þá var bara talað um brúnkukrem. Þetta er samt búið að vera frábært ár með Merzedes Club. Það er mesta pönkið sem ég hef gert. Pönk snýst um að hía á kerfið og koma aftan að því. Ég, smurður og ber að ofan, að segja „hó hó“ og „hardcore“ og fá borgað stórfé fyrir það frá fyrirtækjum sem eru ekki einu sinni til ennþá, mörg hver, var algjört pönk.“

En er Merzedes Club-fyrirbærið dautt?

„Nei, enda deyja hljómsveitir aldrei, leggjast bara í híði. Ég heyrði í umbanum um daginn og þá var verið að setja inn nýjar raddir við einhver lög. Ég sit bara við símann og ef það verður hringt þá spreyjar maður sig með brúnkuspreyinu. Hvað gerir maður ekki fyrir peninginn á þessum síðustu og verstu?“

drgunni@frettabladid.is

# Grín, glens og fallegur söngur



Emilíana Torrini heldur ekki oft tónleika á Íslandi. Það voru því margir spenntir þegar hún boðaði til tónleika í Háskólabíói fyrir nokkru vikum og eftirvæntingin var greinilega mikil í bíóinu þegar stundin rann upp á laugardagskvöldið. Það var Lay Low sem hitaði upp. Hún mætti með tvo meðspilara, kontrabassaleikara og gítarleikara. Sjálf spilaði hún á gítar og söng. Hún tók sex lög, byrjaði á Little by Little af nýju plötunni sinni Farewell Good Night's Sleep og endaði á smellinum By and By af sömu plötu. Það sannast alltaf betur og betur hvað Lay Low er mikið náttúrutalent. Hún virðist fara svo létt með þetta allt. Þessi þriggja manna útgáfa af kántrý-poppbandinu hennar var ekkert síðri en stóra sveitin sem spilaði með henni í haust. Frábær upphitun.

Eftir smá hlé kom Emilíana á sviðið ásamt hljómsveitinni sinni sem skipuð var Sigtryggi Baldurssyni trommuleikara og þremur Bretum, tveimur gítarleikurum og hljómborðsleikara sem auki gripu í ýmis önnur hljóðfæri eftir hentugleikum.

Emilíana byrjaði á Fireheads, upphafslagi nýju plötunnar Me and Armini og það var ljóst frá fyrstu tónunum að hún átti salinn. Af þeim sautján lögum sem hún flutti á tónleikunum voru að minnsta kosti tíu af Me and Armini og sex af Fisherman's Woman. Á milli laga sagði Emilíana sögur oft við mikinn fögnuð í salnum og stríddi bresku hljóðfæraleikurunum sem spiluðu með henni með því að tala um þá á íslensku.

Emilíana er frábær söngkona og hún sýndi það og sannaði enn eina ferðina í Háskólabíói á laugardagskvöldið. Hún á líka mörg góð lög og texta og hljómsveitin sem spilaði með henni stóð vel fyrir sínu. Það voru margir hápunktar þar á meðal Sunny Road, reggí-lagið Me and Armini, Jungle Drum, Birds sem stigmagnaðist skemmtilega, hið rokkaða Gun og lokalagið fyrir uppklapp, Heard it All Before sem byrjaði á því að allir hljómsveitarmeðlimirnir nema hljómborðsleikarinn klöppuðu taktinn, en fóru svo einn af öðrum að syngja og spila. Eftir kröftugt uppklapp komu þrjú frábær lög til viðbótar: Fisherman's Woman, Nothing Brings Me Down og Beggar's Prayer.

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Ef það er hægt að setja út á eitthvað þá fannst mér Emilíana kannski ganga aðeins of langt í glensinu á milli laga, líkt og vinur frá útlöndum sem er svo glaður að vera kominn heim að hann getur ekki stoppað. Emilíana er mjög sjarmerandi á sviði og það er gaman að heyra skemmtilegar sögur, en mér fannst hún aðeins ofgera þessu, sérstaklega þegar á leið. Það dregur svolítið úr stemningunni sem tónlistin sjálf skapar að vera stöðugt með fliss og mas á milli laga.

**TÓNLEIKAR**

**Emilíana Torrini**

Háskólabíó 13. desember

★★★★

Emilíana Torrini sannaði það enn og aftur í Háskólabíói á laugardagskvöldið að hún er ein af okkar bestu söngkonum.

Trausti Júlíusson

OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla

# Mikið úrval
## af snyrtivöru gjafakössum




**Emporio Armani Diamonds**
Edt. 50ml, húðmjólk 50ml og sturtusápa 50ml




**Emporio Armani Diamonds, herra**
Edt. 50ml ilmur, balm 50ml og sturtusápa 50ml






**Diesel Fuel for Life**
Edp. 50ml, húðmjólk 50ml og sturtusápa 50ml




**Diesel Fuel for Life, herra**
Edt. 50ml ilmur, balm 50ml og sturtusápa 50ml




**Ralph Lauren Romance**
Edp. 50ml, húðmjólk 100ml, sturtusápa 100ml




**Polo Explorer, herra**
Edt. 50ml ilmur og deo stick 75ml




**Lancôme Magnifique**
Edp. 30ml, húðmjólk 50ml og sturtusápa 50ml




**Lancôme Hypnôse, herra**
Edt. 50ml ilmur, taska og sturtusápa 200ml




**Giorgio Armani Code**
Edp. 50ml, húðmjólk 50ml og sturtusápa 50ml




**Giorgio Armani Code, herra**
Edt. 50ml ilmur, balm og sturtusápa 50ml

Lancôme er fáanlegt í Holtagörðum, Kringlu, Garðabæ og Borgarnesi
Annað er fáanlegt í Kringlu, Smáralind, Holtagörðum, Garðabæ og á Akureyri

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > Tekur Guðmundur við GOG?

Danski netmiðillinn Sporten.dk sem er í samvinnu við Berlingske Tidende greindi frá því í gær að samkvæmt heimildum blaðsins mun Guðmundur Guðmundsson taka við danska úrvalsdeildarliðinu GOG Svendborg á næsta tímabili. Með GOG spila Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. GOG mun vera að reyna að fá Guðmund til að taka við þjálfun liðsins af Ulf Schefvert sem mun taka við þjálfun kvennaliðs félagsins. Guðmundur staðfesti viðræður í viðtali við Stöð 2 í gær en sagði þær mjög skammt á veg komnar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**SIGRÚN BRÁ SVERRISDÓTTIR:** KVADDI FJÖLNI MEÐ TVEIMUR ÍSLANDSMETUM Á EM Í STUTTRI LAUG Í KRÓATÍU

# *Bætti Íslandsmetið um meira en tvær sekúndur*

Sigrún Brá Sverrisdóttir setti sitt annað Íslandsmet á tveimur dögum og varð fyrst íslenskra sundkvenna til þess að synda 200 metra skriðsund undir tveimur mínútum þegar hún varð í 23. sæti í 200 metra skriðsundi á EM í 25 metra laug í Króatíu í gær. Sigrún synti á 1:59,45 og bætti gamla metið um rúmar tvær sekúndur. Hálftíma áður bætti Sigrún sinn persónulega tíma í 50 metra skriðsundi.

„Ég er mjög ánægð með allt mótið. Það kom bæting í öllum greinunum mínum og það er ekki hægt að kvarta yfir því," sagði Sigrún. „Markmiðið var að reyna að komast undir tvær mínúturnar sem gekk eftir og ég er því mjög sátt. Mér hefur liðið vel í lauginni og ég vissi að ég var í mjög góðu formi. Ég fór bara jákvæð af stað og ég fann alveg um leið og ég byrjaði að synda að ég væri með þetta," segir Sigrún.

„Það er alltaf rosalega gaman að koma á þessi stóru mót og sjá alla þá bestu. Maður er farinn að læra þetta núna enda búin að fara á nokkur svona stór mót. Þetta er ekki lengur svona mikið stress. Það er líka langskemmtilegast að ná að toppa sig á svona mótum," segir Sigrún. „Það hefur verið mjög gaman að vera hérna úti og fá líka að sjá heimsmetin falla. Maður reynir líka að fylgjast með og sjá eitthvað þar sem maður getur sjálfur bætt sig."



Daginn áður en Sigrún setti metið í 200 metrunum þá setti hún annað met í 400 metra skriðsundi. Það sund sat alls ekki í henni í gær. „Ég er orðin vön því að synda svona mikið því ég geri það nánast á hverju móti. Þegar maður stendur sig svona vel þá finnur maður ekki alveg eins mikið fyrir þreytunni."

Fram undan er keppni í 50 metra laug og nú hefur Sigrún skipt yfir í Ægi úr Fjölni. „Það var mjög erfið ákvörðun. Mig langaði að vera áfram í Fjölni en það er bara svo erfitt þegar maður er bara einn eftir. Maður þarf meiri keppni á æfingum þegar maður er þreyttur og ekki alveg upplagður. Þá er gott að hafa einhvern sem getur ýtt á eftir manni. Það var kominn tími á þetta," sagði Sigrún sem segist ætla að bæta sig enn meira í framtíðinni.

## ENSKI BOLTINN

| | |
|---|---|
| Portsmouth-Newcastle | 0-3 |
| 0-1 Michael Owen (51.), 0-2 Obafemi Martins (77.), 0-3 Daniel Guthrie (89.). | |
| Chelsea-West Ham | 1-1 |
| 0-1 Craig Bellamy (33.), 1-1 Nicolas Anelka (51.). | |

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **17** | **11** | **5** | **1** | **26-11** | **38** |
| Chelsea | 17 | 11 | 4 | 2 | 36-7 | 37 |
| **Man. United** | **16** | **9** | **5** | **2** | **27-10** | **32** |
| Aston Villa | 17 | 9 | 4 | 4 | 29-20 | 31 |
| **Arsenal** | **17** | **9** | **3** | **5** | **29-20** | **30** |
| Hull City | 17 | 7 | 6 | 4 | 26-27 | 27 |
| **Everton** | **17** | **7** | **4** | **6** | **23-25** | **25** |
| Portsmouth | 17 | 6 | 5 | 6 | 19-26 | 23 |
| **Wigan** | **17** | **6** | **4** | **7** | **21-20** | **22** |
| Newcastle | 17 | 4 | 7 | 6 | 22-24 | 19 |
| **Tottenham** | **17** | **5** | **4** | **8** | **19-21** | **19** |
| West Ham | 17 | 5 | 4 | 8 | 18-25 | 19 |
| **Man. City** | **17** | **5** | **3** | **9** | **30-25** | **18** |
| Sunderland | 17 | 5 | 3 | 9 | 17-25 | 18 |
| **Blackburn** | **17** | **3** | **4** | **10** | **17-34** | **13** |
| West Bromwich | 17 | 3 | 3 | 11 | 12-32 | 12 |


Boltinn er hjá okkur!

Chelsea Stoke
16.–18. janúar
Verð á mann í tvíbýli:
79.900 kr.
Innifalið: : Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

Arsenal West Ham
30. jan. – 1. feb.
Verð á mann í tvíbýli:
78.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, Club level-miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Gorenje þurrkari



34 cm
7 kg
Barkalaus þurrkari D72325
B Orkunýtni
Hljóðlát með íslensku stjórnborði.
Afkastageta: 7 kg. Þurrktími: 110 mín.
Snýst í báðar áttir. Hurðarop: 34 cm.

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200
PIPAR • SÍA • 82341


# Chelsea fór ekki á toppinn

### West Ham náði jafntefli á Stamford Bridge í gær og Liverpool heldur því toppsætinu í ensku úrvalsdeildinni. Michael Owen skoraði á afmælisdaginn sinn.

**FÓTBOLTI** Chelsea mistókst að taka toppsætið af Liverpool þegar liðið náði aðeins jafntefli á móti West Ham á heimavelli. Liverpool, Manchester United og Arsenal gerðu öll jafntefli á laugardaginn og því var þetta kjörið tækifæri fyrir lærisveina Luiz Felipe Scolari að taka frumkvæðið í toppslagnum. Heimavöllurinn hefur hins vegar reynst liðinu illa því Chelsea hefur aðeins unnið 3 af 9 heimaleikjum sínum í ár en er aftur á móti með hundrað prósenta árangur á útivelli.

Nicolas Anelka jafnaði leikinn í seinni hálfleik eftir að Craig Bellamy hafði komið West Ham í 1-0 í fyrri hálfleik. Markið hjá Anelka var hans fjórtánda á tímabilinu og enn fremur það 100. sem hann skorar í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur skorað mörk fyrir Arsenal (23), Liverpool (4), Manchester City (37), Bolton Wanderers (21) og Chelsea (15).

Chelsea var sterkari aðilinn í leiknum og fékk fleiri færi en gat einnig þakkað fyrir það að þeirra gamli liðsmaður Carlton Cole stæli ekki öllum stigum þegar hann fékk gott færi í uppbótartíma.

Jafntefli var mikill sigur fyrir Gianfranco Zola, stjóra West Ham, sem lék í sjö ár með Chelsea. „Mínir menn stóðu sig frábærlega, ekki bara í að ná þessum úrslitum heldur einnig hvernig þeir spiluðu þennan leik," sagði Zola sem var snortinn yfir þeirri virðingu sem stuðningsmenn Chelsea sýndu honum með því að syngja nafn hans fyrstu fimmtán mínútur leiksins.

„Þetta var erfiður leikur fyrir okkur. Við vorum miklu meira með boltann og við hefðum klárað færin okkar betur þá hefðum við unnið þennan leik," sagði Luiz Felipe Scolari, stjóri Chelsea, eftir leik en hann setti Didier Drogba inn á við hlið Anelka í hálfleik og það skilaði jöfnunarmarkinu.



**ERFIÐ NÓTT** Luiz Felipe Scolari gisti á sjúkrahúsi nóttina fyrir leikinn á móti West Ham. NORDICPHOTOS/AFP

Scolari vildi enn fremur meina að aðalástæðan fyrir slöku gengi á Brúnni væri að liðið fengi miklu minna pláss til að vinna með á heimavelli en á útivelli.

Michael Owen fagnaði 29 ára afmælisdegi sínum með því að skora fyrsta mark Newcastle í 3-0 útisigri á Portsmouth. Obafemi Martins og Danny Guthrie gulltryggðu síðan sigurinn sem var sá fyrsti sem Newcastle vinnur utan St. James Park á þessu tímabili. Jermain Defoe og Peter Crouch óðu í færum í sókn Portsmouth í byrjun leiks og sá fyrrnefndi hefði auðveldlega getað skorað þrennu.

„Við erum að vinna okkur sjálfa þessa dagana. Við verðum að loka á þessi mistök og fara að sýna meiri þrautseigju. Stuðningsmenn okkar vilja sjá sóknarbolta en það gengur ekki ef við fáum svona mörg mörk á okkur," sagði Tony Adams, stjóri Portsmouth, sem gaf það til kynna að hann ætlaði að breyta bæði um leikmenn og leikaðferð fyrir næsta leik. Það gæti kannski gefið Hermanni Hreiðarssyni vonir um að komast aftur inn í liðið en hann sat á bekknum í gær.

„Það eru ekki mörg lið sem koma hingað og skora þrjú mörk. Við erum að spila vel og erum komnir á gott skrið sem ætti að gefa okkur mikið sjálfstraust fyrir leikinn á móti Tottenham í næstu viku," sagði Joe Kinnear, stjóri Newcastle.

**ooj@frettabladid.is**

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona gegn Real í El Clásico:

# Varnarmúr Real brast í lokin

**FÓTBOLTI** Barcelona vann sinn fyrsta sigur á Real Madrid frá árinu 2005 þegar liðið vann 2-0 sigur í El Clásico á Nou Camp á laugardagskvöldið. Samuel Eto'o og Lionel Messi skoruðu mörkin á síðustu sjö mínútum leiksins en Eto'o hafði áður látið Iker Casillas verja frá sér vítaspyrnu. Barcelona er þá komið með 12 stiga forskot á Real en átta stiga forskot á Valencia sem er í 2. sætinu.

Þetta var fyrsti deildarleikur Juande Ramos við stjórnvölinn hjá Real Madrid og pakkaði hann í vörn meisturunum. Það virtist vera að ganga upp þar til Börsungar náðu loksins að brjóta ísinn eftir hornspyrnu.

Eiður Smári Guðjohnsen spilaði fyrstu 63 mínúturnar í leiknum og komst ágætlega frá sínu, sérstaklega á upphafsmínútum leiksins. Sergio Busquets kom inn á fyrir Eið Smára og fiskaði vítaspyrnu fimm mínútum seinna en Casillas varði frá Eto'o eins og áður sagði. Eto'o bætti hins vegar fyrir það þegar hann potaði boltanum inn eftir að Carles Puyol hafði unnið skallaeinvígi eftir hornspyrnu. Messi skoraði síðan seinna markið í uppbótartíma eftir undirbúning frá Henry.



**Á FULLRI FERÐ** Eiður Smári hefur hér betur í baráttu við Fernando Gago hjá Real. NORDICPHOTOS/AFP

„Við vitum alveg hvað það þýðir að vinna Real. Þetta er samt bara einn sigur í viðbót og við eigum marga leiki eftir. Við erum komnir með gott forskot á Real Madrid en við erum ekki bara að keppa við þá," sagði Pep Guardiola, þjálfari Barca, eftir leik. **- óój**

**FRAMMISTAÐA EIÐS SMÁRA Í EL CLÁSICO:**

| | |
|---|---|
| Mínútur spilaðar | 63 |
| Skot | 0 |
| Lykilsendingar fyrir færi | 1 |
| Brot | 1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 1 |
| Unnir boltar | 2 |
| Tapaðir boltar | 6 |
| Sendingar | 33 |
| Hlutfall heppnaða sendinga | 81% |



Infiniti Fjölþjálfi ST950
79.990
Mongoose Tyax Comp Disk 26"
52.990
Jólatilboð í GÁP
fullt hús af hörðum pökkum
Sigma Púlsmælir Onyx Classic
6.399
Everlast boxpúði 100 lbs
27.990
Mongoose Twinkle 12" barnahjól 2-4ára
9.799
GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16
cannondale


**EIN AF ELLEFU** Jason Dourisseau var í essinu sínu á Ásvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jason og Jón Arnór:

## Tróðu samtals ellefu sinnum

**KÖRFUBOLTI** Það er óhætt að segja að KR-ingarnir Jason Dourisseau og Jón Arnór Stefánsson hafi spilað fyrir áhorfendur í Stjörnuleik KKÍ á Ásvöllum á laugardag.

Saman tróðu þeir félagar boltanum ellefu sinnum í körfuna, Jason sjö sinnum og Jón Arnór fjórum sinnum.

Síðasta troðsla Jóns Arnórs var afar glæsileg viðstöðulaus troðsla þar sem brotið var á honum og hann fékk víti að auki. - óój



Til leigu

iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000


# Fer hún á takkaskóm út á flugvöll?

Knattspyrnukonan Þórunn Helga Jónsdóttir er komin í úrslit brasilíska bikarsins með Santos og leitar nú allra ráða til þess að spila úrslitaleikinn á miðvikudag. Hún gæti spilað áfram í Brasilíu eftir áramót.

**FÓTBOLTI** Brasilíska knattspyrnuliðið Santos hefur ekki tapað leik síðan Þórunn Helga Jónsdóttir kom til liðs við félagið í síðasta mánuði. Þórunn Helga hefur unnið sér fast sæti í brasilíska liðinu sem er komið alla leið í úrslitaleiki brasilíska bikarsins. Fyrri leikurinn fór fram í nótt en sá seinni er aðfaranótt fimmtudags.

Það gæti þó farið að Þórunn missti af sjálfum úrslitaleiknum. „Þjálfarinn talaði líka við mig um að fresta heimförinni til þess að ná örugglega úrslitaleiknum, sem verður 17. desember, daginn sem ég legg af stað heim. Ég hringdi í Continental Airways og spurði hvað það mundi kosta að breyta miðanum mínum um einn dag til 18. desember og svarið var 1.700 dollarar. Hvorki ég né Santos höfum efni á því,“ segir Þórunn. Leikurinn var upphaflega settur á kl. 4 eftir hádegi og vélin hennar fer kl 11. Það gaf henni smávon um að ná fluginu en nú er sjónvarpið hins vegar búið að fá leiknum frestað til sjö.

„Ég er búin að gera allt sem ég get látið mér detta í hug til að fresta heimförinni þannig að ég komist samt heim fyrir jól, en ekkert hefur gengið. Icelandair er búið að bjóðast til að gera allt sem hægt er varðandi miðann heim og þeir fundu meira að segja fyrir mig annað ódýrara flug frá Brasilíu, en það var fullt, og auðvitað kostar það peninga líka. En ég vil þakka þeim fyrir að reyna,“ segir Þórunn en Santos-menn eru ekki alveg búnir að gefast upp.

„Framkvæmdastjórinn sagði við mig rétt áðan að hann muni hafa leigubíl tilbúinn fyrir mig fyrir utan leikvanginn til að keyra mig út á völl strax eftir leik. Það tæki einn og hálfan tíma, svo að ef ég legði af upp úr níu yrði ég komin út á völl hálftíma fyrir brottför, nánast á takkaskónum. Ég veit ekki alveg hvernig mér líst á það, en ég veit að ég er til í að gera eiginlega hvað sem er til að ná úrslitaleiknum, jafnvel missa af jólunum heima ef ekkert annað gengur. Það væri súrt að komast alla þessa leið og missa svo af úrslitaleiknum,“ segir Þórunn.


**Í BÚNINGI SANTOS** Þórunn Helga Jónsdóttir hefur staðið sig vel með Santos. MYND/PEDRO ERNESTO GUERRA AZEVEDO


**Í VÖRNINNI** Þórunn Helga Jónsdóttir er komin í vörnina hjá Santos. MYND/PEDRO ERNESTO GUERRA AZEVEDO

Þórunn er ánægð með sig og liðið þennan tíma hennar með Santos. „Ég held að mér hafi gengið þokkalega og alla vega nógu vel til að hafa ekki verið sett út úr liðinu. Ég er alltaf að læra, þannig að það er stígandi í þessu,“ segir Þórunn sem er komin í nýja stöðu.

„Ég hef mest verið að spila í stöðu „volante“ sem er afturliggjandi miðjumaður. Nú er hins vegar leikmaðurinn sem venjulega spilar þessa stöðu kominn aftur frá Chile, þannig að í síðasta leik spilaði ég sem hreinn varnarmaður,“ segir Þórunn Helga sem hefur haldið sæti sínu í liðinu þótt það hafi endurheimt þá landsliðsmenn sem hún átti að leysa af hólmi á meðan HM undir 21 ára fór fram.

„Það kemur svolítið á óvart því að upphaflega var ætlunin að ég fyllti bara í skarðið meðan sex leikmenn liðsins væru á heimsmeistaramóti u-21 í Chile. Allir gerðu ráð fyrir að brasilíska landsliðið kæmist í úrslit, þannig að þegar þær duttu út fyrr og komu heim mátti gera ráð fyrir að þær færu aftur í sínar stöður í liðinu. Þær eru flestar byrjunarliðsmenn hjá Santos,“ segir Þórunn.

Það er ekki nóg með að Santosmenn vilji gera allt til þess að Þórunn nái að spila seinni úrslitaleikinn heldur gæti einnig verið að hún kæmi aftur eftir áramót.

„Þjálfarinn ræddi við mig óformlega um möguleika á að koma aftur eftir áramót og ég gæti alveg hugsað mér það. Þetta er frábær félagsskapur og fótboltinn góður, æfingarnar góðar og raunar ekki undan neinu að kvarta. Hins vegar eru mörg verkefni fram undan hjá íslenska landsliðinu og því mundi ég gjarnan vilja spila aðeins nær Íslandi til að eiga möguleika á að taka þátt í þeim,“ segir Þórunn. ooj@frettabladid.is






Íslendingum fjögar hjá þýska liðinu Füchse Berlin:

## Rúnar valdi Berlín

**HANDBOLTI** Framarinn Rúnar Kárason hefur gert tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarliðið Füchse Berlin en hann valdi liðið fram yfir dönsku liðin GOG og FCK sem höfðu einnig áhuga á honum. Fyrir hjá þýska liðinu verður Dagur Sigurðsson sem tekur við þjálfun þess í sumar.

Rúnar Kárason stimplaði sig inn í íslenska landsliðið í æfingaleikjunum við Þýskaland á dögunum og hefur skorað 8 mörk að meðaltali með Fram í vetur.

„Ég er mjög ánægður með að hafa náð að sannfæra svona sterkan leikmann að koma til okkar. Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkar lið því við höfðum betur í samkeppni við topplið frá Evrópu,“ sagði Bob Hanning, framkvæmdastjóri Füchse Berlin, á heimasíðu félagsins eftir að tilkynnt hafði verið að Rúnar hefði gert tveggja ára samning. - óój


**ÖFLUGUR** Rúnar Kárason fer til Þýskalands. FRÉTTABLÐAIÐ/ANTON

Úrslitaleikurinn á Evrópumóti kvenna í handbolta:

## Stórsigur hjá Noregi

**HANDBOLTI** Norðmenn tryggðu sér Evrópumeistaratitil kvenna í handbolta með þrettán marka stórsigri á Spáni, 34-21, í úrslitaleiknum í Makedóníu í gær.

Spánverjar héldu í þær norsku í fyrri hálfleik og voru þá aðeins einu marki undir, 13-12, en í seinni hálfleik héldu norsku stelpunum engin bönd og þær unnu hann 21-9. Þetta er stærsti sigurinn í sögu úrslitaleiks Evrópukeppni kvenna sem fram fór nú í áttunda sinn. Rússar unnu bronsið eftir 24-21 sigur á Þýskalandi.

Það sýnir kannski yfirburði norska liðsins á mótinu að fjórir leikmenn liðsins Katrine Lunde Haraldsen (markvörður), Tonje Larsen (vinstri skytta), Kristine Lunde (leikstjórnandi) og Linn-Kristin Riegelhuth (hægri skytta) voru valdar í úrvalslið mótsins.

Þetta er þriðja skiptið í röð sem norska liðið verður Evrópumeistari og sjötta gullið sem norska kvennalandsliðið vinnur undir stjórn Marit Breivik á HM (1999), EM (1998, 2004, 2006, 2008) og Ólympíuleikum (2008). Noregur vann Rússland í úrslitaleiknum 2006 og Danmörku í úrslitaleiknum 2004.

Þórir Hergeirsson er aðstoðarþjálfari norska landsliðsins eins og hann hefur verið frá sumrinu 2001 og þetta er þriðja EM-gullið sem hann vinnur sem aðstoðarþjálfari Marit Breivik. - óój


**SIGURSÆL** Marit Breivik. NORDICPHOTOS/AFP


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is



**> Alyson Hannigan**

„Fólk sem er áhugavert er fólk sem þarf að hafa fyrir hlutunum.“

Hannigan leikur í þáttunum How I Met Your Mother sem sýndir eru á Stöð 2 extra í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG SMÁ TÖLFRÆÐI

# *Hvað er merkilegt við töluna 8000*



Meistari Stephen Fry heldur áfram í kvöld að fjalla um HIV og alnæmi í heimildarþættinum HIV&me. Fyrri hluti myndarinnar var sýndur fyrir viku og það var eins og ég hafði spáð. Mikið óskaplega veit maður annars lítið um vanda annarra þjóða og milljónir einstaklinga um heim allan.

Á undanförnum tuttugu árum hafa meira en sextíu milljónir manna sýkst af HIV um heim allan og er talið að um fjórtán þúsund manns bætist í þann hóp á hverjum degi. Talið er að 45 milljónir karla, kvenna og barna séu lifandi með HIV-smit eða alnæmi og meira en tuttugu milljónir hafa látist vegna sjúkdómsins, sem er nokkurn veginn sami fjöldi og féll í Svarta dauða í Evrópu á 14. öld. Miðað við 8000 dauðsföll á dag, þá fellir alnæmi jafn mörg fórnarlömb á sjö vikum og Víetnamstríðið í heild sinni og jafn marga og fyrri heimstyrjöldin felldi á þremur árum. Á Íslandi hefur þessi skæðasti faraldur heimssögunnar fellt um fjörutíu manns og tugir eru smitaðir.

Í þættinum á mánudaginn var kom fram að 1000 einstaklingar deyja í Suður-Afríku úr alnæmi á degi hverjum, en tveir af hverjum þrem HIV-smituðum í heiminum búa í Afríku sunnan Sahara. Þessi hluti heimsins hefur því í vissum skilningi náð að uppfylla viðurnefnið „hið myrka meginland“, eins og Evrópubúar kölluðu það á 19. öldinni. Alnæmi hefur verið kallað stærsti vandi sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir. Það er vissulega staðreynd í þeim löndum Afríku þar sem heilbrigðisyfirvöld hafna því alfarið að HIV veiran sé yfirleitt til.

Aðrir í sömu löndum trúa því að eina leiðin til að losna við smitið sé að hafa mök við barn.

Já, vel á minnst. Á meðan ég skrifaði þessi 300 orð í flýti dóu 41 Suður-Afríkubúar úr alnæmi. Í dag deyja 8000 manns til viðbótar. Horfðu í kvöld.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Lady in the Water STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Stephen Fry: HIV og ég SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Heroes SKJÁREINN



▶ **22.00** Journeyman STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Hanna Montana** (13:26) (e)
**17.45 Sammi** (5:52)
**17.53 Kóalabræðurnir** (69:78)
**18.04 Herramenn** (31:52)
**18.15 Út og suður** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Stephen Fry: HIV og ég** (HIV and Me) (2:2) Bresk heimildamynd þar sem leikarinn Stephen Fry fjallar um HIV-smit og áhrifin sem veiran hefur haft á vinahóp hans.

**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (10:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Sportið** Í þættinum verður fjallað um flest allt sem viðkemur íþróttum, sýnt frá helstu íþróttaviðburðum, farið yfir mál sem eru efst á baugi og rætt við íþróttafólk og íþróttaáhugamenn.

**22.45 Ævintýri - Rapunzel** (1:4) (Fairy Tales: Rapunzel) Bresku sjónvarpsmynd þar sem ævintýrið sígilda um stúlkuna í turninum er fært í nútímabúning. (e)

**23.35 Spaugstofan** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 To Walk with Lions**
**10.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses**
**12.00 The American President**
**14.00 To Walk with Lions**
**16.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses**
**18.00 The American President**
▶**20.00 Lady in the Water**
**22.00 Walking Tall**
**00.00 Tristan + Isolde**
**02.05 Die Hard**
**04.15 Walking Tall**
**06.00 Elizabethtown**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (15:24)
**07.50 Galdrabókin** (15:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (213:300)
**10.15 The Complete Guide To Parenting** (1:6)
**10.55 America's Got Talent** (8:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Jumpin'Jack Flash**
**14.50 ET Weekend**
**15.35 The New Adventures of Old Christine** (10:22)
**16.00 Galdrastelpurnar**
**16.25 Justice League Unlimited**
**16.50 Leðurblökumaðurinn**
**17.10 Tracey McBean**
**17.23 Galdrabókin** (15:24)
**17.33 Neighbours**
**17.58 Bold and the Beautiful**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.05 Veður**
**19.20 Kompás**
**19.55 Dagvaktin** (5:12)
**20.30 Extreme Makeover. Home Edition** (12:25)

**21.15 Men in Trees** (11:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack, sem er hlédrægur, heillandi og myndarlegur maður.

▶**22.00 Journeyman** (10:13) Dan Vassar er hamingjusamur fjölskyldufaðir og lífið virðist leika við hann. Líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.

**22.45 The Unit** (20:23)
**00.55 Jumpin'Jack Flash**
**02.35 Medium** (13:22)
**03.20 Loving Glances**
**04.50 Walking Tall**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.10 Race of Champions 2008** Útsending frá Race of Champions mótinu þar sem mættu til leiks kappar eins og Michael Schumacher, Sebastien Loeb og David Coulthard.

**18.10 Merrill Lynch Shootout** Útsending frá Wyndham Championship mótinu í golfi.

**21.10 Utan vallar með Vodafone** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**22.30 Þýski handboltinn. Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**23.05 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Chelsea - West Ham.

**14.20 Enska úrvalsdeildin** Aston Villa - Bolton.

**16.05 Enska úrvalsdeildin** Chelsea - West Ham.

**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**18.40 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.10 PL Classic Matches** Man Utd - Derby County, 96/97.

**19.40 Enska 1. deildin** Chalton - Derby

**21.40 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.40 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaþætti.

**23.10 Enska úrvalsdeildin** Tottenham - Man. Utd.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.00 Vörutorg**

**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.45 Game tíví** (14:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**19.15 Charmed** (13:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. (e)

**20.10 Friday Night Lights** (14:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Matt er búinn að fá nóg af mótlætinu, Landry er eftirsóttur, Julie er afbrýðissöm og Smash er í leikbanni.

▶**21.00 Heroes** (6:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Nokkrar hetjur eru á krossgötum og þurfa að taka ákvarðanir sem gætu skorið úr um hverjir eru hetjur og hverjir eru illmenni. Claire reynir að næla í illmenni sem slapp af svæði 5. Peter flýr frá framtíðinni og kemst að því að hann er gjörbreyttur maður.

**21.50 CSI. New York** (17:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Rannsóknardeildin reynir að komast að því af hverju ung kona og hákarl enda bæði dauð á sömu fjöru. Málið flækist enn meira þegar öðru líki skolar á land á svipuðum slóðum.

**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.45 Dexter** (5:12) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Hádegistilboð
virka daga 11.30 - 14.30
990
Burrito eða Quesadillas með nachos, ostasósu og gosi í vél.
Culiacan MEXICAN GRILL
Faxafeni 9 og Hlíðasmára 15 533 1033 www.culiacan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 18.10 OG 21.10
### How I Met Your Mother – tvöfaldur skammtur



Önnur þáttaröð þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum. Þættirnir fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn. Í fyrri þættinum fær gengið áfall þegar bíll Marshalls bilar en hann hefur átt bílinn í mörg ár og honum fylgja margar minningar. Í seinni þættinum fer svo allt á annan endann vegna flutninga sem ekki allir eru sáttir við.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Kompás
### Stöð 2 kl. 19.20

Fjölmargar íslenskar fjölskyldur gætu orðið gjaldþrota á komandi misserum. Kompás heimsækir fjölskyldu í Njarðvík sem sér fram á gjaldþrot og fjallar um óprúttna aðila sem hafa auglýst á netinu eftir kennitölum fólks sem er í fjárhagslegum vandræðum til að nota til að græða peninga. Í síðari hluta þáttarins kynnumst við ENZA, nýstofnuðum íslenskum hjálparsamtökum, sem starfa í Suður-Afríku.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Kjarkur, von og söngur
**15.03** Útvarpssagan: Það á að dansa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Ársól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (80:260)
**16.30 Hollyoaks** (81:260)
**17.00 Seinfeld** (9:24)
**17.25 E.R.** (15:25)
**18.10 How I Met Your Mother** (17:22)
**18.35 How I Met Your Mother** (18:22)
**19.00 Hollyoaks** (80:260)
**19.30 Hollyoaks** (81:260)

▶ **20.00 Seinfeld** (9:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

**20.25 E.R.** (15:25) Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.10 How I Met Your Mother** (17:22) Önnur þáttaröð þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum. Þættirnir fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.

**21.35 How I Met Your Mother** (18:22)
**22.00 Numbers**
**22.45 Fringe** (10:22)
**23.30 Sjáðu**
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Hann ræðir við gest sinn um stjórnmál líðandi stundar.

**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar í sálarlíf gesta sinna.

**21.30 Á réttri leið** Þáttur í umsjá Katrínar Júlíusdóttur þingkonu. Umræða um stjórnmál, neytendur og sparnaðarráð gefin.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** 21 Søndag **11.50** Aftenshowet **12.20** Hans og Edith **12.55** OBS **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.55** Skum TV **15.10** Tjenesten classic **15.30** Troldspejlet **15.45** Robotboy **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Sex, magt og intriger **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Rebus **22.10** OBS **22.15** Hvor kragerne vender **23.00** Under dragens hale - et Murdoch-mysterium

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Stolthet og fordom **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** Tracey Ullmans USA **14.00** NRK nyheter **14.03** AF1 **14.30** Keiserens nye skole **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.30** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Her er eg! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Det ligg i lufta **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sommer **21.30** To og en ipod - Mathias Eick og Tine Skolmen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.55** Nytt på nytt **00.25** Kulturnytt

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Sportspegeln **11.50** Grosvold **12.35** Flyg-Bom **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Skrotnisse och hans vänner **15.45** Pi **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Kritor ritar **16.30** Krokodill **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sanna Nielsen **19.30** Nästan en ambassad **20.00** Toppform **20.30** Hockeykväll **21.00** Baggen **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Åkalla **23.15** Dansbandskampen **00.45** Sändningar från SVT24




HÖFUÐ, HERÐAR, HENDUR OG TÆR ...

Veljum íslenskt í jólapakkann!



VARMA
of Iceland

SÖLUSTAÐIR:

Álafoss, Álafossvegi 23, Mosfellsbæ
Álfverið, Hafnarstræti 4
Bláa Lónið, Grindavík
Ellingsen, Grandagarði 2
Fjarðarkaup, Hólshrauni 1b, Hafnarfirði
Handprjónasambandið, Skólavörðustíg 19/ Laugavegi 44
Ísey, Klapparstíg 31
Íslandia, Kringlunni 4-12/ Bankastræti 10
Nettó, Akureyri, Mjódd og Salavegi
Nóatún, Austurvegi 3, Selfossi
Rammagerðin, Hafnarstræti 19/ Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Thorvaldsens-félagið Basar, Austurstræti 4
Ull og Gjafavörur, Hótel Sögu
Verslanir Hagkaupa, Verslanir Húsasmiðjunnar, Verslanir Samkaupa
Víkingur, Hafnarstræti 104 Akureyri/ Hafnarstræti 3 Reykjavík

www.glofi.is

## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Sá fjórði, Pálmi Haralds,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann leiður,
þegar Sterling fór.

Þá þaut hann eins og elding
og millifærði smá,
og millifærði meira,
allt oní hyldýpisgjá.



# Úldinn hákarl notaður til að kynna Ísland

„Ég hef ekki heyrt af þessu áður en þetta er sniðugt. Íslendingar hafa náttúrulega alltaf verið duglegir við að kynna þorrablótin en að það sé markaðssett svona er einhver nýlunda," segir Ottó Guðmundsson, starfsmaður í Múlakaffi.

Erlendar ferðaskrifstofur eru teknar til við að kynna skondnar og skemmtilegar hliðar á Íslandi. Ekki nema von því þeir eru ófáir sem spá því að Ísland verði einn „heitasti" áfangastaður erlendra ferðamanna á næsta ári. Á vefsíðu Times er því spáð að sprenging verði í komu breskra ferðamanna til landsins enda hafi verð lækkað um allt að því helming.

Þorrablót virðast vera nýjasta markaðstækifærið. Icelandair ætlar samkvæmt vefsíðu Times að bjóða upp á lækkað verð til Íslands meðan á þorranum stendur en það ku vera milli 25. janúar og 23. febrúar. Skorað er á þá sem telja sig hafa sterkan maga að prófa þorrablót. Á bresku ferðavefsíðunum Opodo.co.uk og justtheflight.co.uk má finna kynningu á þessum sér-íslenska sið; að hesthúsa súra hrútspunga, sviðasultu og -kjamma. Múlakaffi og Kaffi Reykjavík eru kynnt til sögunnar sem fánaberar þessarar íslensku matargerðar en þó vekur mesta athygli að kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsay er notaður sem kynningartrikk. „Smakkaðu á hákarlinum sem fékk Gordon Ramsay til að æla." Eflaust eiga þó einhverjir bara eftir að kynna sér næturlífið því hákarlinn er kynntur sem „rotten shark" sem myndi útleggjast á hinu ylhýra: úldinn hákarl.

- fgg



**SÉRKENNILEGUR** Þorramaturinn þykir sérkennilegur í augum útlendinga en nú á að fá ferðamenn til landsins á þessa alíslensku matarhátíð.



**KJAFTFORI KOKKURINN** Gordon Ramsey varð kjaftstopp og ældi síðan þegar hann smakkaði hákarl, verkaðan upp á íslenskan máta.



**LÁRÉTT**
**2.** sigtun, **6.** hola, **8.** forsögn, **9.** fugl, **11.** fyrir hönd, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** innanfita í dýrum, **18.** fugl, **20.** tveir eins, **21.** staðarnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ögn, **3.** klaki, **4.** þrot, **5.** lík, **7.** land í Evrópu, **10.** írafár, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** síun, **6.** op, **8.** spá, **9.** lóa, **11.** pr, **12.** ílsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mör, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** moli, **3.** ís, **4.** uppgjöf, **5.** nár, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** möo, **19.** dd.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum af síðu 8.

1. Gæludýrin
2. Portúgal
3. Rússlandi


Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


## GEIRI Á GOLDFINGER: VERÐUR NÓG AÐ GERA HJÁ GUNNARI Í KROSSINUM

# Litríkur hópur í detoxferð

Ævintýralega skemmtilegur, litríkur og kátur hópur er á leið til Póllands í föruneyti heilsufrömuðarins Jónínu Benediktsdóttur. Þar er um að ræða ferð sem farin verður 3. janúar en margir sjá það sem góðan kost að huga rækilega að heilsunni eftir hátíðar. Í hópnum munu vera þeir Ásgeir Þór Davíðsson sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger og góður vinur hans Þorsteinn Hjaltested óðalsbóndi við Vatnsenda. Þeir hafa áður farið í heilsu- og megrunarferðir til Taílands en vilja nú láta á þetta reyna. Þá er líklegt að Gunnar Þorsteinsson kenndur við Krossinn fari sem og félagar hans. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður einnig með í för sjálfur Birgir Enni sem kosinn var ferðamálafrömuður Færeyja í fyrra – og mun hann vera með skemmtilegri mönnum. Hann hefur komið hingað í tengslum við færeyska daga á Fjörukránni undanfarin ár og á fjölda íslenskra vina. Fari hann má allt eins víst telja að Jónína muni færa út kvíarnar og fara að fylgja Færeyingum til Póllands í detoxferðir sem mjög vel er af látið. Heyrst hafði að Jóhannes Viðar Fjörugoði væri einnig að fara með. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Jóhannes sagðist hann ekki komast eins og til stóð því hann þyrfti að sitja ferðamálaráðstefnu í Helsinki 15. janúar. „En ég fer örugglega með vorinu," segir Jóhannes sem hefur farið áður og segir það frábært. „Það er gott að fara reglulega. Eiga möguleika á að afruglа sig ef maður gleymir sér," segir Jóhannes. Fjörugoðinn segist ekki geta tíundað lista þátttakenda en er helst á því að sú tilgáta að feitlagnir menn séu öðrum kátari eigi ekki við nokkur rök að styðjast.

Geiri segist í samtali við Fréttablaðið ekki geta tjáð sig um marga aðra en sjálfan sig en rétt sé að hann sé að fara. Búið er að ganga frá pöntun og miða. „En ef Gunnar er að fara þá verður í nægu að snúast hjá honum," segir Geiri og hlær. „Því Steini er yfirlýstur heiðingi. Og sjálfsagt vill Gunnar sýna mér villur míns vegar."

Gunnar segir það líklegt en ekki alveg frágengið hvort hann fari til Póllands. Hann fór í fyrra og ber því vel söguna. „Það er taug sem togar í mig. Ég hef alltaf farið í uppgjör fyrstu vikurnar í janúar og það eru afskaplega góð skilyrði í Póllandi." Til stendur að nokkrir félagar Gunnars, þó ekki úr Krossinum, snúist í hópinn en fastan er afskaplega dýrmæt: „Eitt af því sem Guð hefur gefið okkur, eitt sterkasta vopn sem við eigum en Guð segist umbuna þeim sem fasti. Það merkir að snerta menn og blessa með sýnilegum hætti," segir Gunnar.

jakob@frettabladid.is



## JÓNÍNA TIL PÓLLANDS MEÐ FRÍÐAN FLOKK

Gunnar í Krossinum gerir ráð fyrir því að fara til Póllands til að fasta með Jónínu og fari svo mun hann án nokkurs vafa nota tækifærið og tala yfir hausamótum félaganna Geira og vini hans Steina Hjaltestedt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kristján Hreinsson** Skerjafjarðarskáld hefur ekki setið auðum höndum þetta árið en á árinu hafa komið út sjö bækur eftir hann auk slatta texta á hljómdiskum sem eru hátt í tuttugu kvikindi. Bækurnar eru Golf og gaman og Glæpafélagið Guli hanskinn sem er 6. bókin um afa ullarsokk. Þýddar barna- og vísnabækur eru Jói og baunagrasið, Dýr í góðu skapi og Grísirnir þrír. Og svo er það Biblíubúrið/Sjálfdautt fólk sem er tvíbók eða tvær skáldsögur í einni og sömu bókinni. Geri aðrir betur.



**Geir Ólafsson** söngvari á nú vinsælasta lagið í Færeyjum, Jólamaðurinn kemur í kvöld, en það gaf hann frændum vorum Færeyingum á dögunum. Geir er sannur baráttumaður og þó hættur sé að reykja berst hann fyrir bættri aðstöðu fyrir reykingamenn og því að stöðumælar verði aflagðir í miðborginni á aðventu. Hann reynir nú að ná í borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með það fyrir augum að einhver þar vilji taka að sér þetta verðuga málefni.



Aðdáendur **Péturs Jóhanns Sigfússonar** ættu að merkja við 6. febrúar í dagatalinu sínu. Þann dag stígur grínarinn í fyrsta sinn á svið í leikhúsi þegar einleikurinn Sannleikurinn verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu. Höfundar verksins eru Pétur Jóhann og Sigurjón Kjartansson en leikstjóri er Stefán Jónsson.

-jbg, hdm






Dúnmjúkar dúnsængur

Dásamlega mjúkar dúnsængur á frábæru tilboðsverði. Sængurnar eru eingöngu fylltar með hvítum andardún og í þeim er ekkert fiður. Draumadúnsængin er nú á frábæru tilboðsverði, 24.900 kr. Lestu meira um sængurnar á **www.lindesign.is**

Lín DESIGN

Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is


# Bogi reisir friðarkúlu

Bogi Jónsson á Hliði á Álftanesi stendur illa fjárhagslega, eins og hér kom nýlega fram. Hann lætur það þó ekki slá sig út af laginu og hefur búið til friðarkúlu sem mun standa á landareign hans.

„Fljótlega eftir að ég hætti að djúsa dreymdi mig draum sem kveikti þessa hugmynd," segir Bogi. „Mig dreymdi að ég væri að túlka á minn eigin hátt það að við erum öll íbúar í sömu íbúðinni, jörðinni okkar, þótt við innréttum herbergin okkar misjafnlega eftir smekk hvers og eins. Hugmyndin þróaðist í rólegheitum og svo má segja að friðarsúla Yókóar hafi endanlega sannfært mig um að ég ætti að láta drauminn rætast."

Bogi ætlar að vígja kúluna 22. desember og vonar að fulltrúar sem flestra trúarhópa verði viðstaddir vígsluna. „Friðarkúlan er til afnota fyrir alla íbúa allra herbergja í íbúðinni okkar, jörðinni," segir Bogi. „Það eru raufar í henni sem ætlaðar eru til að fólk leggi inn óskir sínar um frið á jörð og betra líf. Svo biðjum við til almættisins, hvaða nafni sem við nefnum það, að hjálpa okkur við að láta óskina rætast ef hún er okkur til farsældar."

Kúlan verður staðsett rétt við afleggjarann að Hliði. „Það þarf enginn að vera feiminn við að koma og létta á áhyggjum sínum í kúluna. Á þessum skemmtilegu tímum – eða hitt þó heldur – er margt vitlausara en að gera sér ferð í kyrrðina út á Álftanes. Ég mun setja öll þau trúartákn á kúluna sem ég get grafið upp og vona að hún megi verða sandkorn á vogarskál friðar og sátta í heiminum. Til þess að friður og sátt ríki í heiminum þarft þú einungis að fá eina manneskju til að verða til friðs: þig!"

- drg



**VILL AÐ FÓLK LÉTTI Á ÁHYGGJUM SÍNUM Í KÚLUNA** Bogi Jónsson á Hliði með friðarkúlu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

,,Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat. Ég hreyfi mig reglulega og nota Slendertone til að fá stinnari líkama. Ég nota beltið á morgnana á meðan ég tek mig til fyrir daginn, þegar ég fer út að ganga, þegar ég elda matinn eða bara þegar mér hentar".

*Sigríður Arnardóttir, Sirrý*
*fjölmiðlakona og ráðgjafi í almannatengslum*

Sirry.is

,,Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone".

*Heimir Karlsson*
*dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið*

SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
**kr. 29.900,-**





Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

| DÖMUPAKKI 1 | DÖMUPAKKI 2 | DÖMUPAKKI 3 | HERRAPAKKI 1 |
|---|---|---|---|
| **Belti + armar** | **Belti + buxur** | **Belti + buxur + armar** | **Belti + armar** |
| þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva | þjálfar rass og læri og kviðvöðva | þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva | þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva |
| **kr. 36.900.-** | **kr. 39.900.-** | **kr. 46.900.-** | **kr. 36.900.-** |

SLENDERTONE System

Slendertone er dótturfyrirtæki Bio-Medical Research Ltd. (BMR) Byggt á rúmlega 40 ára reynslu framleiðir BMR tæki sem notuð eru daglega af þúsundum lækna og endurhæfingaraðilum út um allan heim. Öll tæki framleidd af BMR og SLENDERTONE gangast undir þróunarferli og rannsóknir í samvinnu við óháða rannsóknaraðila, þannig að tryggt sé að þau séu örugg og gefi bestan mögulegan árangur. Öll SLENDERTONE tæki bera CE merkingu og uppfylla staðla ,,Medical Device Directive (93/42/EEC)"

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
**Skeifunni 19 - S. 568 1717**
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

KORTER.IS - Ljósmynd Jón Páll Vilhelmsson

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is





**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Fórnarlamb fullkominna jóla*

Auk þess að vera næstum eina ljósið í myrkri þjóðlífsins þessa dagana, þá eru jólin spyrt við venjur, siði og taumlausar tiktúrur. Á örfáum dögum er hvers kyns hefðum í kotinu kirfilega gefinn laus taumurinn og allt lagt undir. Krafan um bletta- og hrukkulausa hamingju nær gjarnan hámarki sínu einmitt í desember og skal henni náð með öllum tiltækum ráðum.

**FYRSTU** sjálfstæðu jólin okkar hjónakorna seint á síðustu öld fannst mér að ættu einmitt að vera þannig. Ekkert nema fullkomin. Barnalánið var enn óinnleyst svo svigrúmið hefði átt að vera nóg en það var öðru nær. Aðfangadagur nálgaðist með ógnvekjandi hraða og þrátt fyrir að leggja baki brotnu nótt við dag virtist verkefnalistinn ekkert styttast, heldur þvert á móti. Í fyrsta lagi var ljóst að ef ekki tækist að gera stórhreingerningu að hætti formæðra minna væri borin von að jólin gætu gengið í garð. Allt minna en gerilsneyðing var óásættanlegt.

**SVO** voru það jólakortin. Mjög mikilvægt að þau væru persónuleg og föndruð handa hverjum og einum á endurunninn pappír úr nytjaskógi. Þetta tók tímann sinn svo á Þorláksmessu var bara helmingurinn tilbúinn og eftir að keyra þau út, því pósthúsið lokaði klukkan fimm. Gamall, önugur skódi með bilaðan rafgeymi og aðrar hugmyndir var raunar örlítið vandamál. Og enn átti eftir að baka nokkrar sortir, því það er áríðandi að eiga smákökulager fram í maí. Gera elliheimilislegar jólaskreytingar úr greni og könglum í allar skálar hússins, græja jólatréð og kaupa restina af gjöfunum. Þá þær sem ekki bar heilög skylda til að handgera af alúð og hjartanlegri hlýju til þiggjandans. Tímastjórnun var ekki mín sterkasta hlið á þessum árum og því var ekki um annað að ræða við þessar aðstæður en fá kvenlegt taugaáfall og hníga grátandi um hálsinn á stóru systur. Sem henni fannst reyndar stórkostlega fyndið og krúttlegt og rifjar miskunnarlaust upp í öllum jólaboðum.

**BITUR** reynslan hefur skilið eftir skynsemisvott hist og her. Nú er svo komið að verkefni aðventunnar önnur en daglegt brauðstrit þurfa aðeins að uppfylla tvö skilyrði: Annars vegar að vera lífsnauðsynleg og hins vegar skemmtileg. Helst bæði en að lágmarki það síðara.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 15. desember, 350. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.17 | 13.23 | 15.29 |
| Akureyri | 11.32 | 13.07 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


